

Umsögn Hafnarfjarðarbæjar

Til : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>; Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>
Frá : Anna María Elíasdóttir <annae@hafnarfjordur.is>
CC : Þormóður Sveinsson <thormodurs@hafnarfjordur.is>
Heiti : Umsögn Hafnarfjarðarbæjar
Málsnúmer : 202205009
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 14.06.2022 00:00:00
Höfundur : Anna María Elíasdóttir <annae@hafnarfjordur.is>

Viðhengi image001.jpg


Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 14. júní 2022 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreiðsla þess var:

0809375 - Ásvellir, Haukasvæði, breyting á deiliskipulagi

Lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar um umhverfismatskýrslu um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Ásvöllum í Hafnarfirði. Frestur til að skila inn umsögn er 15. júlí 2022.

Skipulags- og byggingarráð gerir ekki athugasemdir við framlagða skýrslu.

Ofangreint tilkynnist hér með
Anna María Elíasdóttir



Hafnarfjörður

Anna María Elíasdóttir

Skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurhella 2

585 5500 / 664 5623
annae@hafnarfjordur.is
hafnarfjordur.is




HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafnarfjörður 27. júlí 2022

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík



Hafnarfjörður,
27. júlí 2022
MFRI 2022-05-0406


Efni: umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna uppbyggingar á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði

Hafrannsóknastofnun gerir ekki frekari athugasemdir umfram það sem áður kom fram í umsögn frá stofnuninni varðandi vatnalíf og grunnvatnsrennsli sem fjallað var um í tillögu að matsáætlun sem send var Skipulagsstofnun í byrjun þessa árs. Virðist hafa verið brugðist við þeim athugasemdum sem þar voru settar fram. Þó skal benda á ósamræmi varðandi lýsingu í umhverfismatsskýrslunni þar sem m.a. er tekið fram í kafla 13.1 á bls. 51 að ekki verði sett flóðljós við nýja eða núverandi æfingarvelli. Í ljósi þess ætti ljósmengun ekki að aukast, en reyndar er sagt framur í þessum kafla „Miðað er við að komið sé í veg fyrir hljóð- og ljósmengun frá keppnis- og æfingavöllum eins og kostur er.“

Fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar

Jón S. Ólafsson vatnalíffræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík
B/t skipulag@skipulag.is og sigurdur.asbjornsson@skipulag.is



Kópavogur 15. júlí 2022
Tilvísun K-17708

Umsögn heilbrigðisnefndar um umhverfismatsskýrslu um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Með erindi dagsettu 30. maí sl. óskaði Skipulagsstofnun með vísan til 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana eftir umsögn heilbrigðisnefndar um umhverfismatsskýrslu um uppbyggingu íþróttamannvirkja á svæði Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði. Skýrslan var unnin af VSÓ Ráðgjöf fyrir Hafnarfjarðarbæ. Frestur til að veita umsögn var veittur til 15. júlí 2022. Heilbrigðisnefnd hefur fjallað um ofangreind áform á fyrri stigum og veitt umsagnir. Síðast var veitt umsögn um matsáætlun með bréfi til Skipulagsstofnunnar dagsettu 21. desember 2021.

Heilbrigðisnefnd fjallaði um erindið á fundi sínum þann 27. júní. Eftirfarandi bókun var gerð:

Að mati nefndarinnar svarar umhverfismatsskýrslan ekki þeim spurningum sem heilbrigðisnefnd gerði athugasemdir við í matsáætluninni er varðar fleiri valkosti, þar sem í raun er aðeins einn valkostur til skoðunar. Þá vekur heilbrigðisnefnd athygli á að friðlýsing Ástjarnar er í grunninn friðlýsing á búsvæði flórgoðans og mikil hættu er á að bygging og rekstur stórrar íþróttahallar fast við mörk svo lítils friðlands eins og Ástjarnar skapi hættu fyrir jafn viðkvæma fuglategund og flórgoða.

Þá fól nefndin framkvæmdastjóra að ganga frá greinargerð með umsögninni í samræmi við umræður á fundi nefndarinnar og fyrri athugasemda við uppbyggingu íþróttamannvirkis á Ásvöllum.

Greinargerð

Markmið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana (nr. 111/2021) er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi, umhverfisvernd, góð stjórnýsla og vel undirbyggð ákvarðanatöku. Áætlaðar framkvæmdir sem falla undir ofangreind lög eru þær sem líklegar teljast til að geta haft umtalsverð áhrif á umhverfi og samfélag.

Hugmyndafræðin á bak við umhverfismat framkvæmda er að sá sem hugar að framkvæmdum fari í greiningu á sínum fyrirætlunum og þeim ábata eða kostnaði sem samfélagið hefur af framkvæmdinni og leggi fram sínar áætlanir til kynningar í formi frummatsskýrslu. Hún komi til skoðunar og umsagnar fyrir „opinberar stofnanir, stjórnvöld eða aðra lögaðila sem sinna lögbundnum verkefnum sem varða framkvæmdir og/eða áætlanir“ sem lögin fjalla um sem og allan almenning sem telur sig hafa þar hagsmuna að gæta. Framkvæmdaaðila ber að taka mið af þeim athugasemdum sem fram koma á kynningartíma til að þróa sína hugmynd og þar með talið að meta raunhæfni sinna áforma. Í matskýrslu ber framkvæmdaaðila að stilla upp raunhæfum valkostum með hliðsjón af samfélagslegum ábata og áhrifum á umhverfi.

Það er mat heilbrigðisnefndar að því fari fjarri að matskýrslan bjóði upp á raunhæfa valkosti. Í skýrslunni er ekki hugað að málum tengdum umhverfisvernd, ekki nægjanlega úr framkomnum athugasemdum þ.m.t. frá íbúum í nágrenni boðaðra framkvæmda og reksturs og geti því ekki orðið grundvöllur upplýstrar ákvarðanatöku.

Heilbrigðisnefnd vakti athygli Hafnarfjarðarbæjar á sínum tíma um að þessi áform væru tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunnar og að lokinni matskyldufyrirspurn úrskurðaði Skipulagsstofnun að um matsskylda



framkvæmd væri að ræða. Matsáætlun var lögð fram sl. haust og sendi heilbrigðisnefnd inn umsögn þann 21. desember 2021. Ákvað nefndin að einskorða athugasemdir eða ábendingar við fjóra þætti í matsáætlun.

1. Rýra valkosti,
2. Hættu sem framkvæmdin gæti skapað gagnvart vaðhafari og þar með lífríki Ástjarnar
3. um tilvist flórgoðans á Ástjörn sem er grundvöllur friðlýsingar tjarnarinnar
4. Mótvægisáðgerðir

Valkostir í umhverfismati framkvæmda

Nýtt staðarval fyrir knatthúsið (valkostur A) getur stuðlað að fjölgun íbúa á svæðinu (Haukareitnum) umtalsvert. Knatt húsinu er ætlað að mæta vaxandi þörf fyrir íþróttastöðu í bænum. Af ábendingum og athugasemdum umsagnaraðila má greina almennar áhyggjur af hugsanlegum áhrifum framkvæmdar við byggingu og síðar rekstur knatthúss á friðlýst vatnasvið og lífríki Ástjarnar og stöðu flórgoðans. Umsagnaraðilar kalla eftir að náttúran fái að njóta vafans. Því kalli er ekki nægjanlega vel svarað í matsskýrslunni.

Í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, kemur fram að ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd sem háð er umhverfismati skal innihalda a.m.k. (gr. 22 liðir c og d.);

- c. lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar,
- d. lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á,

Í umsögn heilbrigðisnefndar frá 21. desember 2021, um tillögu að matsáætlun vegna ofangreindra framkvæmda, var m.a. fjallað um valkosti í matsáætlun. Þar kom m.a. fram:

„Greining valkosta þar sem í raun er aðeins einn valkostur til skoðunar er ekki í anda laganna nr. 111/2021. Framkvæmdaraðili, skýrsluhöfundar verða að leggja fram aðra kosti til að bera saman við kost A. Aðrir kostir sem koma ættu til skoðunar eru aðrar gerðir eða stærðir á íþróttamannvirkinu og aðrar útfærslur s.s. er varðar nálægð við Ástjörn. Meta ætti hvort minna mannvirki myndi ekki fullnægja raunverulegri þörf samfélagsins fyrir knatthús. Ef svo væri hvort það myndi valda minna álagi innan friðlandsins og minni líkum á röskun á grunnvatnsflæði. Heilbrigðisnefnd telur að fjölga þurfi valkostum í matsáætlun.“

Það er álit heilbrigðisnefndar að valkostum í umhverfismatskýrslu hafi ekki fjölgað. Vinna og skrif skýrsluhöfunda um valkosti virðist sem fyrr, einvörðungu snúast um að sýna fram á að kostur A sé a.m.k. ekki verri en kostur B. Kostur sem í raun stendur ekki til boða fremur en svonefndur núllkostur vegna annarra áforma. Sú rýni sem heilbrigðisnefnd kallaði eftir í sinni umsögn hefur ekki farið fram og því getur matsskýrslan ekki orðið grundvöllur góðrar ákvörðunartöku.

Forsendur fyrir upphaflegum áformum á umfangi knatthússins virðast ekki hafa komið til skoðunar. Í umhverfismatskýrslunni kemur fram að knatthús Hauka skuli vera mannvirki sem hýsa skuli knattspyrnuvöll í fullri stærð, 68x105 m, þar sem óskert salarhæð yfir miðju vallar sé 20 m en yfir hliðarlínunum vallarins sé hún 10 m. Mannvirkið á að hýsa löglegan keppnisvöll, en samkvæmt reglum UEFA (Article 5.06 Field of play) er þó gert ráð fyrir að lofthæð sé 21 m yfir öllum vellinum til að hann uppfylli skilyrði um löglegan keppnisvöll. Það er eðlileg krafa til þeirra sem áforma að reisa þetta knatthús að þeir rökstyðji betur þessa þörf ekki síst þar sem almennt er ekki leikið innan dyra í keppnum í knattspyrnu á efsta stigi.

Ekki er fjallað raunhæft um staðarval, þ.e. um nauðsyn þess að finna húsinu stað á þessu svæði í stað þess að reisa það annars staðar, t.d. í suðurhluta Vallarhverfis. Markmið með byggingu knatthússins er sagt vera að efla starfsemi á núverandi íþróttasvæði og stuðla að fjölbreyttari notkun þess svæðis. Í umsögn Landverndar frá því í vetur kemur fram að tilgangur framkvæmdar sé óljós og ekki sé farið nákvæmlega í það hvernig uppbygging á þessu tiltekna svæði nýtist íbúum almennt. Ekki virðist hafa komið til skoðunar

hvort hagsmunir íbúa Hafnarfjarðar og þjónusta við þá gæti ekki verið eins vel borgið annars staðar í hverfinu þar sem aðgengi væri gott og betur hægt að dreifa og stýra umferð. Það ætti að vera öllum ljóst að önnur staðsetning myndi minnka umhverfisáhrif á friðlýsta svæði Ástjarnar og samhliða að forða röskun á framkvæmdatíma fyrir nærliggjandi íbúðabyggð.

Það er ekki sjálfgefið að íþróttamannvirki þurfi öll að vera á sömu þúfunni. Í því sambandi má minna á að þegar nágrannabæjarfélagið Garðabær reisti knatthús, var það öfugt við fyrstu áform, reist fjarri athafnasvæði íþróttafélags bæjarins, Stjórnunnar við Ásgarð og íbúðabyggðinni þar. Þá tóku Garðabæingar snemma í ferlinu þá ákvörðun að mannvirkið myndi ekki hýsa löglegan keppnisvöll enda ekki talin sýnileg þörf á slíkum velli.

Þá er ekkert raunhæft mat lagt á hvort minna mannvirki myndi fullnægja raunverulegri þörf Hafnfirðinga fyrir knatthús og aðra íþróttastarfsemi eða hvort öðruvísi íþróttahús myndi svara betur þörfum samfélagsins. Ekki er svarað þeirri spurningu hvort raunveruleg þörf sé fyrir rekstur tveggja knatthúsa í fullri stærð í bæjarfélaginu.

Í matsskýrslu hefði átt að rýna í hver væri raunveruleg þörf samfélagsins fyrir knatthús af þessari stærð samanborið við ýmsar aðrar stærðir og gerðir íþróttahúsa og bera saman mismunandi staðsetningar slíkra húsa með lágmarkun á umhverfisáhrifum í huga.

Vatnafar Ástjarnar

Í umsögn heilbrigðisnefndar frá 21. desember 2021 viðraði nefndin þær áhyggjur sínar að bygging áformaðs knatthúss gæti haft áhrif á lekt jarðlaga á svæðinu og þá einkum í þá átt að lekt frá Ástjörn til vesturs gæti aukist. Yrði það raunin er fyrirséð að lífríki tjarnarinnar væri í mikilli hættu. Vatnið er lítið, tjörn, eins og nafnið ber með sér. Það nær hvergi eins metra dýpi og vatnasvið eða söfnunarsvæði vatnsins er mjög lítið. Á undangengnum árum hefur verið farið í töluverðar framkvæmdir og mannvirkjagerð sunnan, vestan og norðvestan við verndarsvæði þess. Minna hefur verið um rannsóknir og vöktun á tímabilinu.

Skýrsluhöfundar telja að með breyttri hönnun burðarvirkis eftir rannsókn á þykkt jarðlaga eigi að vera hægt að reisa mannvirkið án þess að raska grunnvatnsrennsli. Fari málin á verri veg sé væntanlega ekki við skýrsluhöfunda að sakast. Taka verður undir álit Umhverfisstofnunar frá því í vetur að þörf sé á nýjum athugunum á vatnasviði Ástjarnar. Að vakta ártíðabreytingar í vatnshæð vatnsins er góðra gjalda vert en líklegast var Umhverfisstofnun að kalla eftir mun viðameiri athugunum og yfir lengra tímabil en fram kemur í skýrslunni.

Fuglalíf Ástjarnar

Í umsögn heilbrigðisnefndar frá desember sl. var komið á framfæri ábendingu um að þess þyrfti að gæta skýrar í matsskýrslu að friðlýsing Ástjarnar er í grunninn friðlýsing á búsvæði flórgoðans, einu fuglategundarinnar á Íslandi sem verpir í flothreiður. Það eru ekki mörg bæjarfélög sem geta státað af því að hafa friðlýst svæði inni í þéttbýlissvæðis bæjarfélagsins. Hvað þá að hafa varpsvæði jafn sérstakrar og fágætrar fuglategundar og flórgoði er, í göngufæri við miðbæ bæjarfélagsins. Það fylgdi mikil ábyrgð því þegar Hafnarfjarðarbær tók á sig verndarskyldu vegna flórgoðans og Ástjarnar.

Stofn flórgoða minnkaði verulega á 20. öld og var um 1990 kominn niður í um 300 pör á landinu. Meginhluti stofnsins var þá á Norðausturlandi en strjálá varp annars staðar. Þegar brugðið var til þess ráðs að friðlýsa Ástjörn 1978 var þar að finna eina flórgoðavarpið á Suðvesturlandi. Árið 1996 var stofnaður fólkvangur við Ástjörn og Ásfjall utan um og til styrktar friðlýstu svæði Ástjarnar. Að eindreginni ósk Hafnarfjarðarbæjar fól Hollustuvernd ríkisins / Umhverfisstofnun umhverfisnefnd Hafnarfjarðar f.h. Hafnarfjarðarbæjar umsjón alls svæðisins. Í kringum aldamótin fór stofn flórgoðans á landinu öllu að styrkjast og var árið 2017 talinn vera um 1000 pör. Sem fyrr er stofninn langsterkastur á Norðausturlandi. Á Suðvesturlandi hefur líka gætt aukningar. Þungamiðja varpsins á þessu svæði hefur færst yfir á Vífilsstaðavatn, sem rekja má til þess að Garðabær hefur skapað aðstæður fyrir fuglinn og vaktað og verndað umhverfi vatnsins. Hafa nokkur pör komið þar upp ungum undanfarin ár og í kjölfarið hefur borið

meira á flórigoða á öðrum vötnum á Suðvesturlandi s.s. á Rauðavatni og Leirtjörn á Mosfellsheiði. Reglubundin vöktun eða talningar fara ekki fram á Ástjörn svo vitað sé, ef frá er talið að Náttúrufræðistofnun telur vatnafugla vítt um land yfir sumarið á nokkurra ára fresti. Slík talning fór fram sumarið 2021. Þá sáust flórigoðar á Ástjörn yfir sumarið, mismargir milli mánaða, og eitt hreiður fannst vestanvert við vatnið. Óvíst er hvort ungar komust upp á Ástjörn það sumarið og sama gildir um sumarið 2020.

Það má leiða að því rök að bygging og rekstur stórrar íþróttahallar fast við mörk lítils friðlands eins og við Ástjörn skapi hættu fyrir jafn viðkvæma fuglategund og flórigoða. Öruglega má einnig leiða rökum að því að hægt sé að draga úr þeirri hættu með mótvægisáðgerðum á byggingar- og rekstartíma mannvirkisins og við rekstur fólkvangsins. Um slíkt geta þó verið skiptar skoðanir. Með ábendingu um tengsl flórigoðans og friðlýsingu Ástjarnar kallaði heilbrigðisnefnd eftir því að í umhverfismatsskýrslu, sem unnin er fyrir Hafnarfjarðarbæ, yrði ítarleg umfjöllun, *boðun skýrra mótvægisáðgerða*. Umfjöllunin varð með öðru sniði en nefndin vænti ef frá er talið að fram kemur að hávaðasamar framkvæmdir á byggingatíma eiga ekki að vera á sama tíma og óvirk umferðarbann í friðlýsingu Ástjarnar kveður á um. En umfjöllun um stöðu flórigoðans var með öðru sniði en verið var að kalla eftir.

Úr matsskýrslu bls. 47, 48 og 49.

„Tvær tegundir sem eru árvissir varpfluglar við Ástjörn eru á válista. Annars vegar tjaldur^{x1} sem talinn er vera í nokkurri hættu og hins vegar stelkur^{x2} sem talinn er vera í yfirvofandi hættu. Af algengum gestum við Ástjörn eru fjórar tegundir á válista. Svartbakur og hvítmáfur eru tegundir í hættu, hrafn er talinn vera í nokkurri hættu og silfurmafur í yfirvofandi hættu. Þrettán tegundir til viðbótar sem sést hafa við Ástjörn eru skráðar á válista... Í nýlegri uppfærslu á válista er flórigoða ekki lengur að finna, því stofninn hefur stækkað að undanförmu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018). ... Stofnstærð flórigoða á Suðvesturlandi er þó enn mjög lítil, og í því samhengi er mikilvægi varpsins við Ástjörn verulegt. Fyrir síðustu aldamót var Ástjörn talin vera alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði en samkvæmt nýrri viðmiðunum á það ekki lengur við. Það mikilvæga fuglasvæði sem næst liggur Ástjörn er skilgreint sem fjörur og grunnsævi í Skerjafirði en það er um og yfir 5 km fyrir norðan tjörnina. Fjarlægðin er heldur mikil til að gera megri ráð fyrir tengslum Ástjarnar við fjörur í Skerjafirði ... Gestkomandi máfar geta hugsanlega verið komnir frá Skerjafirði en þó er líklegri að þeir komi frá höfninni í Hafnarfirði og nágrenni. Fjöldi þeirra við tjörnina getur farið í um 200 fugla, en þeir nýta svæðið til að baða sig og hvíla en ekki til að afla fæðu. Þótt máfar yrðu fyrir truflun við Ástjörn verður að telja ólíklegt að það myndi hafa áhrif á stofnstærð þeirra...“

Skýrsluhöfundar virðast hafa tapað áttum í umfjöllun sinni í kaflanum um fuglalíf. Málið varðar vernd fyrir flórigoðann og friðlýst svæði Ástjarnar, sem er á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar. Tengist það ekki fjörum eða grunnsævi Skerjafjarðar eða gestkomandi máfum. Flórigoðinn er krúnudjásn í fuglafánu Hafnarfjarðar og yrði mikill missir fyrir Hafnarfjarðarbæ ef varp hans legðist af við Ástjörn.

Það er rétt hjá skýrsluhöfundum að tegundin flórigoði er ekki lengur á válista. Hann var á lista Náttúrufræðistofnunar frá árinu 2000 en við endurskoðun árið 2018 féll hann af honum. Tegundir eru flokkaðar eftir alþjóðlegu viðurkenndu kerfi, IUCN sem er hættumat til að meta líkur á að tegund kunnri að deyja út. Í samræmi við reglur IUCN fór flórigoði af válista þar sem stofninn á Íslandi var á uppleið, hafði stækkað úr 300 pörum í 1000 pör á 18 árum. Langstærsti hluti stofnsins verpir á Norður- og Norðausturlandi en fáir tugir para dreifast um landið. Skýrsluhöfundum bar að upplýsa hvers vegna flórigoðinn fór af válista á Íslandi (mæld stofnstækkun) og um leið að upplýsa að hann sé hins vegar á hliðstæðum válista Evrópu þar sem hann er sagður í yfirvofandi hættu og á heims válista í nokkurri hættu.

Nafn	latneskt heiti	Íslenskur válisti	Evrópu válisti	Heims válisti
Flórigoði	Podiceps auritus	LC	NT	VU

LC Tegund metin en telst ekki í hættu

Hafnarfjarðarbær hefur tekið að sér að vernda varpsvæði flórgoðans við Ástjörn. Eins og að framan greinir hefur stofninn vaxið verulega á landsvísu á undangengnum árum og styrkst nokkuð á Suðvesturlandi. Ákveðin óvissa er um varpárangur hans undanfarið við Ástjörn. Þungamiðja varpsins hefur færst frá Ástjörn yfir á Vífilsstaðavatn.

Miklar framkvæmdir og stóraukin umsvif á jaðri verndarsvæðis Ástjarnar eru í eðli sínu ógn við vistkerfi Ástjarnar. Krían verpti lengi á holtinu sunnan við vatnið en það varp lagðist af þegar byggðin færðist nær og sama er líklega hægt að segja um varp hettumáfs á sömu slóðum. Væntingar heilbrigðisnefndar með ofangreindri ábendingu voru að fá í matsskýrslu raunverulega umfjöllun um hvernig Hafnarfjarðarbær, sem er bæði ábyrgðaraðili fyrir friðlýsta svæðið og sem áformar framkvæmdir við knattspyrnuhöllina, ætlar að verja varp flórgoðans og friðlýst svæði Ástjarnar. Umfjöllun í skýrslunni um fuglalíf er verulega ábótavant að mati nefndarinnar.

Mótvægisáðgerðir

Eins og að framan greinir ákvað heilbrigðisnefnd að einskorða sínar athugasemdir við drög að matsáætlun við fjóra þætti. Einn þeirra var mótvægisáðgerðir og var þá sérstaklega vísað til mótvægisáðgerða til verndar vatnafari og lífríki Ástjarnar og fuglalífi Ástjarnar, þ.e. að rask vegna framkvæmda og reksturs knattþúss myndi ekki skaða vatnsbúskap vatnsins eða ógna tilvist flórgoðans á vatninu.

Í samantekt matsskýrslu um mótvægisáðgerðir (og í skýrslunni) er gerð grein fyrir rannsóknnum, breytingum á hönnun, gerð verklagsreglna til að lágmarka og draga úr hættu á mengun og fleiri þáttum sem saman eiga að tryggja óbreytta vatnshæð Ástjarnar. Er það mat skýrsluhöfundar að boðuð framkvæmd muni ekki valda aukinni lekt jarðlaga og muni ekki skaða vatnsbúskap vatnsins. Verði að framkvæmdum er það von heilbrigðisnefndar að það mat standist. Mikilvægt er í því sambandi að unnin sé aðgerðaráætlun ef framkvæmdir hafa neikvæð áhrif á vatnasviðið og í raun á alla aðra þætti sem varða lífríki Ástjarnar.

Í samantekt matsskýrslu um mótvægisáðgerðir kemur fram varðandi fuglalíf; „*Vegna nálægðar við friðlandið við Ástjörn verður ekki unnið að hávaðasömum framkvæmdum á meðan varptíma stendur og er miðað við sömu dagsetningu og í skilmálum friðlýsingar þar sem umferð um svæðið óheimil, þ.e. frá 1. maí – 15 júl.*“. Frekari mótvægisáðgerðir til verndar fuglalífi eru ekki boðaðar. Eins og hér hefur ítrekað komið fram hefur heilbrigðisnefnd kallað eftir raunhæfum mótvægisáðgerðum. Hafnarfjarðarbær er bæði ábyrgðaraðili fyrir vernd friðlýsingarsvæðis Ástjarnar og flórgoðans samfara því að standa að áformuðum byggingaframkvæmdum í þróttahúss. Heilbrigðisnefnd vænti þess að t.d. ein af mótvægisáðgerðum sem settar yrðu fram væri að sveitarfélagði tæki þá ákvörðun um fara að framfylgja ákvæðum friðlýsingarinnar sem hann gengst undir árið 1996, þ.m.t. að framfylgja umferðarbanni við Ástjörn milli 1. maí og 15. júl á hvert.

Mengunarflokkun Ástjarnar, leiðrétting

Á bls. 27 í umhverfismatsskýrslunni kemur fram: „*Á grundvelli mælinga á vegum heilbrigðiseftirlits á saurgerlamengun hafa vötn verið flokkuð í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999*“. Hér gæti misskilnings sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Mengunarflokkun vatna grundvallast á ítarlegum efnamælingum sem standa yfir í töluverðan tíma. Gerlamælingar sem iðulega eru teknar samhliða eru frekar stoðmælingar til að meta hugsanlegt skólpálag frá byggð.

Á fyrri stigum var þeirri ábendingu komið til skýrsluhöfundar að fyrir lægi skýrsla Tryggva Þórðarsonar frá 2010, *Mengunarflokkun Ástjarnar* (sjá heimildarskrá bls. 68. í Umhverfismatsskýrslu). Tryggvi tók að sér fyrir hönd heilbrigðisnefndar og Hafnarfjarðarbæjar að mengunarflokka Ástjörn í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Tryggvi hafði þá þegar flokkað fjölda vatna á og í kringum höfuðborgarsvæðið.

Reglugerð nr. 796/2011 mælir fyrir um að vötn séu flokkuð í einhvern af fimm flokkum (A til E) eftir vistfræðilegri stöðu. Ef vötn falla í flokka C, D, eða E ber að fara í aðgerðir til „endurhæfa“ þau. Á grundvelli efnafræðilegra rannsókna var vatnið skilgreint í flokki A. Ef eingöngu hefði verið litið til gerlarannsókna sem heilbrigðiseftirlitið annaðist samhliða, flokkaðist vatnið í B flokk en eins og fram kemur í skýrslu Tryggva: „Sveiflur eru í fjölda gerla í Ástjórn og hefur fjöldi þeirra mælst innan umhverfismarka fyrir fyrsta eða annan flokk eða mjög lítil eða lítil saurmengun“.

Það er viðbúið að í næringarríkum vötnum með hægt gegnumrennsli, mikið fuglalíf og nærliggjandi þéttbýli megi vænta töluverðrar gerlamergðar.


Mengunarflokkun vatna ber að endurskoða reglulega. Hafnarfjarðarbær og heilbrigðiseftirlitið hafa sammælt um að eftirlitið endurmeti fyrri flokkun. Sú vinna stendur yfir.

Lokaorð

Það er mat heilbrigðisnefndar að umfjöllun í Umhverfismatsskýrslu sé með þeim hætti að hún nægir ekki sem grundvöllur í ákvarðanatöku um uppbyggingu íþróttamannvirkja við Ástjórn. Hugmyndin við umhverfismat er að sá aðili sem hyggur á framkvæmdir fari í greiningarvinnu þar sem ýmsir kostir séu greindir og þannig verði fundinn sá kostur sem vænlegastur er fyrir framkvæmdina sjálfa annars vegar og fyrir samfélagið og umhverfið hins vegar. Að mati heilbrigðisnefndar fer því fjarri að matsskýrslan bjóði upp á raunhæfa valkosti. Ekki er hugað nægjanlega að málefnum tengdum umhverfisvernd og ekki er nægjanlega unnið úr framkomnum athugasemdum. þ.m.t. frá íbúum í nágrenni boðaðra framkvæmda.

Það er mat heilbrigðisnefndar að álit Skipulagsstofnunnar hljóti að vera neikvætt. Nefndin mælir með því að þeir sem hafa uppi þessi áform ættu að draga skýrsluna til baka og fara í raunverulega þarfagreiningu samhliða því að styrkja vöktun og rannsóknir á Ástjórn.

Virðingarfyllt,
f.h. heilbrigðisnefndar,



Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins




Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík



Reykjavík 15. júlí 2022
MÍ202207-0062/ 6.07 / K.M.

Efni: Uppbygging á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 30. maí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindar framkvæmdar.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Ásvellir eru íþróttasvæði Hauka í Vallahverfi í Hafnarfirði. Íþróttasvæðið er í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Uppbygging íþróttamannvirkja hefur átt sér stað á svæðinu síðustu áratugi. Svæðið er um 16 ha að stærð og afmarkast af Ásbraut í vestri og norðri en íþróttahúsum og leikvöllum í austri og náttúrsvæðum í suðri. Þegar er á svæðinu íþróttamiðstöð, vallarhús, sundlaug, gervigrasvöllur, grasvöllur og æfingavellir ásamt tilheyrandi mannvirkjum í tengslum við vellina, bílastæði og gatnagerð.

Í umhverfismatsskýrslu eru bornir saman tveir valkostir, A og B, og núllkostur, þ.e. óbreytt ástand og að ekki verði af framkvæmdum.

Samkvæmt valkosti A verða mannvirki staðsett í samræmi við skipulag. Valkosturinn gerir ráð fyrir að knatthús sé staðsett nyrst á athugunarsvæðinu og æfingasvæði verði staðsett sunnan við núverandi gervigrasvöll. Syðst á svæðinu er gert ráð fyrir þremur æfingavöllum. Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð við núverandi íþróttamiðstöð Hauka.

Valkostur B gerir ráð fyrir staðsetningu mannvirkja samkvæmt fyrra deiliskipulagi frá árinu 2010. Valkosturinn gerir ráð fyrir að knatthús sé staðsett sunnan við núverandi gervigrasvöll og æfingasvæði er staðsett nyrst á athugunarsvæðinu. Eins og í valkosti A er gert ráð fyrir því að syðst á svæðinu verði þrjú æfingavellir. Ef valkostur B verður fyrir valinu verður ekki úr frekari íbúðaruppbyggingu á svæðinu.

Núllkostur er ekki talinn koma til greina sem raunhæfur valkostur þar sem kosturinn uppfyllir ekki markmið um að efla starfsemi og stuðla að fjölbreyttari notkun á íþróttasvæði Hauka eða tryggja aukið framboð íbúðarhúsnæðis.

Fjallað er um fornleifar í kafla 11 í umhverfismatsskýrslu. Þar segir að samkvæmt fornleifaskráningu frá 1996 séu tvær fornleifar innan athugunarsvæðisins. Annars vegar fjárhústóftir, syðst á svæðinu milli tveggja

Vakin er athygli á því að skv. 61 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga andanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.


æfingasvæða og hins vegar grjóthlaðið fjárbyrgi sem staðsett sé í jaðri hraunkants.

Í skýrslunni kemur fram að í kjölfar ábendinga frá Minjastofnun Íslands um matsskyldufyrirspurn, þar sem bent var á ranga staðsetningu fjárhústófta, hafi uppdrætti verið breytt og ákveðið að breyta fyrirkomulagi knattvalla, m.a. til að tryggja að fjárhústóft raskist ekki. Vegna staðsetningar fjárbyrgisins verði það ekki fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á íþróttasvæðinu. Þá segir að til að tryggja að ekki verði rask á fornleifum á framkvæmdatíma verða þær merktar og öryggissvæði afmarkað. Loks kemur fram að valkostir séu ekki taldir breyta einkennum fornleifa á svæðinu eða rýra verndargildi þeirra.

Í umsögn Minjastofnunar, dags. 06.05.2021, um matsskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar kom fram að þá lágu fyrir fornleifaskráningar á svæðinu frá 1996 og 2005. Þessar skráningar voru barns síns tíma og uppfylltu ekki kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Minjastofnun Íslands taldi því að fá þyrfti fornleifafræðing til að uppfæra skráningu fornleifa innan íþróttasvæðisins á Ásvöllum. Seinna á árinu kom út skýrsla Byggðasafns Hafnarfjarðar, *Fornleifaskráning Hafnafljarðar VIII. Ásland*. Í skýrslunni er gerð grein fyrir skráningu fornleifa á jörðinni Áslandi. Íþróttasvæðið á Ásvöllum er í landi Áslands. Með skýrslunni er búið að uppfylla kröfu Minjastofnunar um uppfærslu fornleifaskráningar á íþróttasvæðinu á Ásvöllum. Fjárhústóftin (2658-35) og fjárbyrgið (2658-60) hafa nú verið mæld upp og staðsett að nýju. Ekki fundust fleiri fornleifar innan svæðisins. Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu hefur fullt tillit verið tekið til fornleifanna hvort sem valkostur A eða B verður fyrir valinu.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Sigurður Ásbjörnsson (sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. júlí 2022
Málsnúmer: 202205-0042
SS/LA

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu framkvæmdar á uppbyggingu íþróttasvæðis Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 30. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar þann 5. maí 2021 og um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 28. desember 2021. Í umsögn stofnunarinnar um matsáætlunina var bent á eftirfarandi atriði:

- Grundvallaratriði í umhverfismatinu er að meta hvort hættu sé á að framkvæmdirnar rýri náttúruverndargildi friðlandsins og fólkvangsins við Ástjörn. Horfa þarf því sérstaklega til þess markmiðs að áfram verði hægt að uppfylla skilmála og reglur friðlýsingarinnar og meta þarf hvernig framkvæmdirnar hafi áhrif á það markmið. Á það bæði við um óafturkræf áhrif t.d. rask en einnig áhrif vegna truflunar á framkvæmdatíma og af rekstri íþróttamannvirkja miðað við áformaðar staðsetningar.
- Í kafla um áhrif á jarðminjar kemur fram að óumflýjanlegt sé að raska nútímahrauni sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og að það sé mat sveitarfélagsins að hagsmunir til að bæta þjónustu við íbúa og aðgengi að íþróttasvæði Hauka vegi þyngra en verndun hrauns. Ekki er fjallað um neinar mögulegar mótvægisáðgerðir í þessu samhengi nema að takmarka raskið eins og hægt er. Möguleg mótvægisáðgerð væri t.d. að tryggja langtímaverndun nútímahrauns á öðrum svæðum innan sveitarfélagsins til að bæta upp það sem tapast undir framkvæmdir en mikið af nútímahrauni hefur verið raskað í Hafnarfirði vegna uppbyggingar á síðustu árum. Náttúrufræðistofnun telur að fjalla mætti um mótvægisáðgerðir af þeim toga í umhverfismatinu.
- Jákvætt er að hafin sé vöktun á grunnvatnsstöðu Ástjarnar og mikilvægt að reynt sé að spá fyrir um möguleg áhrif framkvæmdanna á grunnvatnsrennsli á svæðinu. Fram kemur í matsáætluninni að gröftur framkvæmdarinnar muni ekki ná niður að hæsta grunnvatnsyfirborði en ekki er greint nánar frá þessu. Mikilvægt er að fjallað sé nákvæmlega í matsskýrslunni hvernig áætlaður gröftur á framkvæmdasvæði verði þannig að sýnt sé fram á að fylgt sé ráðleggingum sem eiga að vernda lekt jarðlaga á svæðinu og þannig raska ekki vatnafari Ástjarnar.
- Í kafla um fuglalíf segir að eina flórgoðavarpíð á Suðvesturlandi sé við Ástjörn. Það var lengi vel svo en flórgoða hefur fjölgað í landshlutanum undanfarin ár og varp hans verið staðfest á fleiri vötnum t.d. Elliðavatni, Rauðavatni og Vífilsstaðavatni.
- Jákvætt er að ekki eigi að framkvæma á varptíma fugla sem og forðast notkun flóðljósa á þeim tíma. Taka mætti til betri skoðunar áhrif hávaða á fuglalíf á rekstrartíma knathúss og íþróttavalla.

Í þessari umsögn er því sérstaklega horft til þessarar atriða og hvernig brugðist var við þeim í umhverfismatsskýrslunni, ásamt nokkrum fleiri ábendingum.



Áhrif á jarðminjar:

Báðir valkostir sem til umfjöllunar eru fela í sér rask á nútímahrauni sem fellur undir ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka verndun (61. grein). Þar sem framkvæmdin fer fram á svæði þar sem hrauni hefur þegar verið raskað mikið er nýtt rask ekki umfangsmikið. Engu að síður er hér verið að auka við rask á hrauni undir sérstakri verndun. Staðsetningu göngustíga hefur verið breytt til að minnka rask á óhreyfðu hrauni milli mannvirkja og er það jákvætt. Áhrifin eru metin talsvert neikvæð og tekur Náttúrufræðistofnun undir þá niðurstöðu. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun var minnst á þá mögulegu mótvægisáðgerð að styrkja verndun á nútímahrauni annars staðar í Hafnarfjarðarbæ með því að skilgreina ný verndarsvæði. Engin umfjöllun er um slíkt í umhverfismatsskýrslunni. Náttúrufræðistofnun hvetur Hafnarfjarðarbæ til að taka verndun hrauna til skoðunar enda mikið um nútímahraun innan marka sveitarfélagsins og hefur þeim víða verið raskað.

Áhrif á vatnafar og lífríki:

Þessi umhverfisþáttur er einn sá veigamesti því þar er um að ræða áhrif á friðlýst ferskvatnssvæði sem er Ástjörn og nánasta umhverfi hennar. Ástjörn flokkast sem laukavatn sem er vistgerð með mjög hátt verndargildi. Eins og fram kom í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina er það grundvallaratriði umhverfismatsins að meta hvort hætta sé á að framkvæmdirnar rýri náttúruverndargildi friðlandsins og fólkvangsins við Ástjörn og sérstaklega áhrif framkvæmdarinnar á vatnsstöðu og gæði vatns í Ástjörn. Helsta hætta er annars vegar sú að jarðvinna valdi því að lekt á grunnvatni aukist með þeim afleiðingum að vatnsstaða Ástjarnar breytist, og hins vegar að mengun berist í Ástjörn á framkvæmdatíma og við notkun íþróttasvæðisins og þeirra mannvirkja sem þar verða.

Nýjar mælingar á vatnshæð Ástjarnar benda til kynna að sambærilegt ástand er og í eldri mælingum sem eru yfir tuttugu ára gamlar. Þó er einungis um árs mælingatímabil að ræða og lengri mælingasería myndi styrkja þennan samanburð við eldri mælingar.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að nýjar rannsóknarboranir á því svæði sem fyrirhugað knatthús á að vera staðsett, sýna að undir því er allþétt hraunhella og því ættu framkvæmdir ekki að opna ný holrými ef fylgt er því verklagi að bora ekki neðar en 0,5 metra fyrir ofan grunnvatnsyfirborðið. Lekt ætti því ekki að breytast og flæði grunnvatns úr Ástjörn að haldast óbreytt. Það er jákvætt að staðfest hefur verið að bergið sé þétt á framkvæmdasvæðinu og styrkir það væntingar um að vatnafar Ástjarnar verði ekki fyrir raski. Að mati Náttúrufræðistofnunar er hér engu að síður um áhættu að ræða vegna mikillar nálægðar framkvæmdasvæðisins við Ástjörn og afar brýnt er að fylgst sé vandlega með því við framkvæmdir að hæð graftarbotns fari aldrei niður fyrir 0,5 metra fyrir ofan grunnvatnsyfirborð sem er þar að auki ekki sérstaklega stórt öryggisbil. Þá er mikilvægt að vakta eigi vatnshæð Ástjarnar í rauntíma og að framkvæmdir verði stöðvaðar ef niðurstaða vöktunar bendir á óásættanlega breytingu.

Óheppilegt er að ekki séu til nýlegri rannsóknir á lífríki Ástjarnar en breytingar geta orðið á lífverusamfélögum ferskvatna á tuttugu árum og alltaf er betra að leggja mat á umhverfisáhrif út frá sem nýjustum upplýsingum.

Jákvætt er að ekki sé gert ráð fyrir lýsingu við nýja æfingavelli og þannig minnka líkur á að lífríkis verði fyrir truflun vegna ljósmengunar. Hins vegar kemur ekki fram hvort lýsing frá knatthúsi eða bílastæðum geti haft truflandi áhrif.

Nálægð framkvæmdasvæðisins við Ástjörn kallar á kröfur um öflugar mengunarvarnir. Greint er frá verklagi við slíkt á framkvæmdatíma svo sem eftirlit með leka og ástandi tækja og viðbragsdáætlun við mengunarslysi. Skipulag frárennslis á ofanvatni ætti að tryggja að mengun frá íþróttasvæðinu berist ekki til Ástjarnar en mikilvægt er að vakta ástand tjarnarinnar reglulega og sérstaklega þegar vatnsstaða er hæst. Óvissa er um þetta atriði í valkosti A þar sem knatthúsið verður staðsett að hluta til þar sem tjörnin rennur í vestur á yfirfalli. Stöðva verður framkvæmdir ef vísbendingar eru um mengun.

Ef allt gengur að óskum er líklegt að niðurstaða matsins um að áhrif á lífríki ferskvatns verði óveruleg sé nærri lagi en eins og áður hefur komið fram felur val á framkvæmd af þessum toga í svo mikilli nálægð við viðkvæmt og verðmætt ferskvatnskerfi í sér áhættu sem mikilvægt er að taka tillit til í niðurstöðu matsins.

Áhrif á gróðurfar:

Áhrif á gróðurfar eru metin óveruleg. Vistgerð með hátt verndargildi, grasmóavist, verður fyrir raski innan framkvæmdasvæðis en gróðurfari friðlandsins við Ástjörn stendur ekki ógn af framkvæmdunum ef tryggt sé að ekkert rask verði utan framkvæmdasvæðis. Náttúrufræðistofnun vill benda á að framkvæmdum getur fylgt aukin útbreiðsla á plöntum sem þrífast á röskuðum svæðum þ.m.t. framandi ágengum tegundum eins og alaskalúpínu. Tryggja þarf að framkvæmdirnar valdi ekki aukinni útbreiðslu slíkra plöntutegunda.

Áhrif á landslag og ásýnd:

Með framkvæmdinni fjölgar mannvirkjum á svæðinu og náttúrulegu umhverfi er raskað með tilheyrandi breytingum á landslagi innan framkvæmdasvæðis. Mestu skiptir þó áhrifin á landslag og ásýnd friðlandsins og fólkvangsins við Ástjörn. Það á við um ásýnd umhverfis innan friðlýsta svæðisins og utan frá séð t.d. frá íbúabyggð og útivistarsvæði við Ásfjall. Knatthöllin er stórt og áberandi mannvirki og eins og sést á myndum í kafla 10 í umhverfismatsskýrslunni fylgir mikil ásýndarbreyting byggingu hennar, sérstaklega í valkosti A þar sem hún stendur nær Ástjörn. Ekki er fjallað um landslag í auglýsingu um friðland eða fólkvang en eðlilega þarf að gæta sérstaklega vel að áhrifum framkvæmda á ásýnd umhverfis næst friðlýstum svæðum. Í ljósi þessa telur Náttúrufræðistofnun að niðurstaða umhverfismatsins ætti frekar að vera talsvert neikvæð frekar en óveruleg til talsvert neikvæð. Mótvægisáðgerðir eru ólíklegar til að hafa mikið að segja því stærð knatthallarinnar vegur þyngst hvað varðar áhrifin og verður ekki breytt. Áhrif ásýndar er þó alltaf erfitt að meta hlutlaust.

Áhrif á fuglalíf:

Um fjöllun um áhrif á fuglalíf er ítarleg og byggir á minnisblaði Rorum. Athuganir á fuglalífi sem eru til grundvallar eru frá tímabilinu 2001-2014 og nokkuð óheppilegt að ekki séu nýlegri upplýsingar. Ástjörn er enn mjög mikilvægt varpsvæði fyrir flórgoða en vægi svæðisins hefur

breyst með aukinni útbreiðslu tegundarinnar á vötnum kringum höfuðborgarsvæðið. Nýjar upplýsingar um varp flórgoða við Ástjörn hefði þurft til að leggja mat á mikilvægi svæðisins fyrir tegundina í ljósi breytinga á útbreiðslu hennar.

Í minnisblaði Rorum er fjallað um mikilvægi þess að koma í veg fyrir utanaðkomandi áreiti vegna framkvæmda á varptíma fugla. Náttúrufræðistofnun tekur undir þetta atriði. Í minnisblaðinu er einnig fjallað um truflun af mannvirkjum og starfsemi íþróttasvæðisins að framkvæmdum lokum m.a. mat á áhrifum af skuggavarpi, ljósmengun og hávaða. Þar er talið að valkostur A með knatthús nær friðlandinu frekar en valkostur B með íþróttavelli nálægt sé líklegri til að valda minni truflun því hávaðamengun væri minni frá knatthúsinu. Knatt húsið gæti hins vegar verið fyrirstaða fyrir aðflug. Fyrir flestar tegundir er það þó ekki talið vera stórt vandamál. Náttúrufræðistofnun telur greiningu Rorum á mögulegum áhrifum vera ágæta en alltaf er erfitt að spá fyrir um hvernig fuglar bregðist við breytingum á sínu umhverfi og aukinni návist við athafnir manna og mannvirki. Sumar tegundir eru viðkvæmari en aðrar og það gæti átt við suma vatna- og vaðfugla sem verpa í og við Ástjörn meðan t.d. máffuglar og spörfuglar eru líklegri til að aðlagast breytingum betur.


Árangur af aðgerðum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdar á vatnafar Ástjarnar og þar með lífríki ferskvatns skiptir miklu máli fyrir fuglalífnið einnig. Eins og fram hefur komið í umsögninni fylgir framkvæmd af þessari stærðargráðu svo nálægt Ástjörn áhætta fyrir vatnafarið og tryggja þarf að allt gangi vel til að áhrifin verði í raun óveruleg eins og niðurstaða umhverfismatsins felur í sér.

Í ljósi þessara atriða sem geta haft áhrif á fuglalíf og nokkurrar óvissu sem gætir um þau telur Náttúrufræðistofnun að niðurstaða matsins fyrir fuglalíf ætti frekar að teljast óveruleg til talsvert neikvæð áhrif frekar en einungis óveruleg.

Samantekt:


Eins og fram hefur komið í umsögninni sem og fyrri umsögnum um málið telur Náttúrufræðistofnun að ýmis áhætta fylgi frekari uppbyggingu íþróttasvæðis svo nálægt friðlandinu við Ástjörn. Mikilvægt er að fylgst sé vel með áhrifum framkvæmdar á vatnafar sérstaklega en einnig aðra þætti og að forðast framkvæmdaliði sem geta valdið truflun á viðkvæmum árstímum t.d. varptíma fugla. Grípa þarf til aðgerða ef í ljós kemur að framkvæmdin sé að hafa óásættanleg áhrif á lífríki Ástjarnar. Þá ætti að bæta upp rask á vernduðu nútímahrauni með því að styrkja verndun þess annars staðar. Náttúrufræðistofnun tekur að mestu undir niðurstöðu umhverfismatsins með nokkrum undantekningum eins og fram kemur í umsögninni.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsvið

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK



Reykjavík, 12. júlí 2022
Tilvísun: OS2022050224/22.2
Verknúmer: 1083000

Efni: umhverfismatsskýrsla um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Ásvöllum í Hafnarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 30. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Orkustofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna áforma um uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði, með vísan til 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021, skal í umsögnum umsagnaraðila koma fram hvort þeir hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði sínu, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum þeir telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Þá skulu leyfisveitendur gera í umsögn sinni grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Orkustofnun fer með leyfisveitingarvald vegna rannsókna með nýtingu í huga og/eða vegna nýtingar á grunnvatni með vísan til 4. og 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög). Sömu leiðis veitir stofnunin leyfi fyrir veitingu vatns úr farvegi, breytingu á vatnsbotni, straumstefnu, vatnsmagni eða vatnsflæði, veitingu vatns af einni fasteign á aðra, stíflun og miðlun vatns með vísan til 7., 68., 75. og 78. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. þó ákvæða laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006. Miðað við lýsingu og framsett gögn í umhverfismatsskýrslu á ekkert af framangreindu við um umrædda framkvæmd og hún því ekki háð leyfi stofnunarinnar.

Tilgreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnispáttum tilgreindrar umhverfismatsskýrslu er varða starfssvið Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni umhverfismatsskýrslu og fylgigagna vegna áforma um uppbyggingu Haukasvæðis við Ástjörn í Hafnarfirði. Með vísan til framanritaðs gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við skýrsluna.

Í framlögðum gögnum er nokkuð vísað til skýrslu Orkustofnunar frá 2002 og samantektar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Orkustofnunar frá 2001. Orkustofnun bendir á að árið 2003 var megin rannsóknarhluti stofnunarinnar skilinn frá við stofnun Íslenska Orkurannsóknna, ÍSOR, og vatnamælingasvið hennar fært undir nýja Veðurstofu árið 2008. Orkustofnun í dag hefur því ekkert beint rannsóknarhlutverk.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til erinda og/eða hugsanlegra leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum.


Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur



Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. júlí 2022
UST202205-370/A.Þ.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - umhverfismatsskýrsla – uppbygging íþróttasvæðis á Ásvöllum í Hafnarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umhverfismatsskýrslu.

Framkvæmdarlýsing

Hafnarfjarðarbær (hér eftir nefndur framkvæmdaraðili) áformar uppbyggingu íþróttasvæðis á Ásvöllum í Hafnarfirði. Í uppbyggingunni felst m.a. fjölnota knatthús að stærð 11.370 m² og fjóra æfingavelli. Í heild er svæðið um 15 ha að stærð.

Íþróttasvæðið á Ásvöllum liggur upp að friðlandinu við *Ástjörn* sem var friðlýst árið 1978 sbr. auglýsingu nr. 189/1978 og fólkvangi við *Ástjörn* og *Ásfall* sbr. auglýsingu nr. 658/1996.

Umhverfisstofnun veitti umsagnir um verkefnið á fyrri stigum máls, þ.e. þann 14. maí 2021¹ og 13. janúar 2022² og einnig um skipulagsbreytingar³ vegna verkefnisins.

Mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt skýrslunni felast helstu áhrifaþættir framkvæmdarinnar í nýjum mannvirkjum á svæðinu sem munu hafa í för með sér rask og breytta ásýnd. Þeir umhverfisþættir sem eru til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum eru jarðminjar, vatnafar og lífríki *Ástjarnar*, gróðurfar, landslag og ásýnd, fornleifar, fuglalíf, hljóðvist og lýsing og útivist.

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að valkostir eru í heild taldir hafa óveruleg áhrif til talsvert neikvæð áhrif á umhverfisþætti og eru áhrifin talin sambærileg á milli valkosta. Neikvæð áhrif munu helst koma fram vegna rasks á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Framkvæmdin er einnig líkleg til að hafa óveruleg til talsverð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Báðir valkostir sem eru bornir saman í umhverfismati eru líklegir til að hafa áhrif á fuglalíf við *Ástjörn*. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

¹ U MÁU MSF Ásvellir uppbygging íþróttasvæðis.pdf (ust.is)

² *Umsögn - matsáætlun Haukar Ásvöllum_undirrituð.pdf (ust.is)

³ Tillaga - breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 og breyting á deiliskipulagi - íþróttasvæði Hauka - Ásvellir.pdf (ust.is) og Umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulag - Ásvellir - Hafnarfjarðarbær.pdf (ust.is)

Fuglalíf

Niðurstaða umhverfismatsins er að báðir valkostir séu líklegir til að hafa áhrif á fuglalíf við Ástjörn en það hefur sýnt sig að svæðið er viðkvæmt fyrir framkvæmdum. Þá segir að þegar valkostirnir tveir eru bornir saman má segja að helstu gallar við valkost A sé að þar verði meiri skuggi út á friðlandið og meiri lokun á aðflugsleið að tjörninni miðað við valkost B. Valkostur A hefur það umfram valkost B að líkur á auknu ljósi og hávaða inn á friðlandið eru minni. Heldur meira öryggi og ró í umhverfinu virðast felast í kosti A og hann því líklega betri fyrir fuglalífið til lengri tíma lítið.

Þó segir á bls. 49 að nyrsta framkvæmdasvæðið blasi við allri tjörninni og áhrif á fuglalíf eru líkleg til að vera mest í tengslum við framkvæmdir þar. Einnig kemur fram að knatthúsið muni þrengja að fluglínu úr vestri inn á tjörnina, *einkum* ef knatthúsið verður fyrir norðan gervigrasvöllinn. Fram kemur að ákveðin óvissa er til staðar varðandi áhrif á fuglalíf. Umhverfisstofnun telur að samkvæmt því sem fram kemur í umhverfismati eru áhrif á fuglalíf óviss og mikilvægt að það komi fram í samantekt.

Fram kemur að vegna nálægðar við friðlandið við Ástjörn verði ekki unnið að hávaðasömum framkvæmdum á meðan á varptíma stendur og er miðað við sömu dagsetningu og í skilmálum friðlýsingar þar sem umferð um svæðið er óheimil, þ.e. frá 1. maí til 15. júlí. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að ekki sé unnið að hávaðasömum framkvæmdum eða öðrum framkvæmdum sem trufla fuglalífið á varptíma.

Umhverfisstofnun telur limgerðið sem aðskilur nyrsta hluta framkvæmdarsvæðisins og friðlandið að Ástjörn vera mikilvægt tól til að minnka áhrif umferðar og truflunar frá íþróttasvæðinu á lífríkið við Ástjörn. Að mati stofnunarinnar ætti að sjá til þess að limgerðið haldi sér við til að takmarka áhrif á lífríkið.

Jarðminjar

Frá því að matsáætlun var kynnt hefur legu göngustíga verið breytt til að lágmarka rask á jarðminjum og vernda óraskað hraun sem liggur milli mannvirkja íþróttasvæðisins. Umhverfisstofnun telur það jákvætt og telur mikilvægt að hraunið sé kortlagt, verndargildi þess metið og sérstökum hraunmyndunum hlíft ef einhverjar eru á fyrirhuguðu svæði. Stofnunin minnir einnig á að um röskun á nútímahrauni gilda ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Vatn

Í kafla 8.1 er vitnað í vatnavefsjá Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að það virðist ríkja misskilningur um ástand og umhverfismarkmið vatnshlotsins en mikilvægt er að farið sé með réttar upplýsingar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vatnavefsjánni er vistfræðilegt ástand Ástjarnar flokkað mjög gott og hefur hún jafnframt þau umhverfismarkmið að vera áfram í mjög góðu ástandi. Að svo komnu máli er Ástjörn ekki skráð í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í umhverfismatsskýrslunni ætlar framkvæmdaraðili að passa vel að vatnshæð Ástjarnar breytist ekki umfram eðlilega sveiflu sem er mjög jákvætt. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að það verði gert og

sé gert vel. Ástjórn er friðuð líkt og fram hefur komið og á skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði skv. 25. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Framkvæmdaraðila ber að gæta vel að því að þessar framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á vatnið og grípa umsvifalaust til aðgerða ef vart verður við breytingar eða neikvæð áhrif.

Við vinnslu umhverfismatsskýrslu var ákveðið að bæta við valkostum um ólíkar lausnir á frárennsli frá knatthúsi, í þeim tilgangi að skila rigningrvatni sem fellur á bæði bogapak knatthússins og á þak þjónustubyggingarinnar innan svæðisins og viðhalda þannig vatnabúskap svæðisins, í stað þess að leiða það í fráveitukerfi bæjarins. Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að notaðar verði blágrænar ofanvatnslausnir í staðinn fyrir að leiða fráveituvatn í fráveitukerfi bæjarins.

Útivist

Í kafla 14 er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á útivist. Þar kemur fram að áhrif á útivist séu óveruleg til talsvert neikvæð. Í niðurstöðukafla segir að framkvæmdin kunnist hafa áhrif á upplifun fólks sem nýtir friðlandið/fólkvanginn til útivistar. Umhverfisstofnun bendir á að í samantekt á blaðsíðu iii segir hins vegar að framkvæmdin sé talin hafa óveruleg áhrif á útivist. Auk þess þarf að laga töfluna á sömu síðu þar sem þar kemur ekki fram rétt niðurstaða umhverfismats um áhrif á útivist.

Fram kemur í skýrslunni að knatthúsið komi til með að breyta ásýnd svæðis vestur af Ástjórn og vera mjög áberandi í landslaginu sem kann að hafa áhrif á upplifun þeirra sem fara um friðlandið og fólkvanginn. Umhverfisstofnun tekur undir það og telur að auk þess að fjalla um áhrif framkvæmdanna á verndargildi friðlandsins við Ástjórn mætti gera grein fyrir áhrifum á verndargildi fólkvangsins.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Bt. Sigurður Ásbjörnsson

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is

Dags. 08.06.2022


Tilv. 5618-0-0005

Mál 2022-0117

Með erindi dags. 30. maí 2022 sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda við uppbyggingu íþróttamannvirkja á Ásvöllum í Hafnarfirði.


Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við tillögu þessa.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason

Forstjóri Veðurstofu Íslands



Skipulagsstofnun
Borgatúni 7b
105 Reykjavík


Hafnarfirði 14. júlí 2022

Umsögn um umhverfismatsskýrslu VSÓ ráðgjafar fyrir Hafnarfjarðarbæ vegna fyrirhugaðs knatt húss á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði

Valkostir


Í umhverfismatsskýrslunni eru nefndir tveir hugsanlegir staðir, A og B, fyrir knatt húsið, sem nú er orðið 11.370 fm að grunnfleti og hefur því stækkað um 1.470 fm frá matsáætlun í nóvember s.l.

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, 22. gr., c-lið segir að umhverfismatsskýrsla eigi að innihalda „lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkost sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.“ Ekki er farið eftir þessu í ofangreindri skýrslu. Niðurstaðan er sú að báðir kostir, A og B, séu nokkurn veginn jafngóðir, en þessi athugasemd þó gerð á bls. 14 : „, Með valkosti B er ljóst að ekki er hægt að koma fyrir íbúðarbyggð í samræmi við gildandi skipulag, þar sem byggingareitir knatt húss og íbúðalóða skarast (mynd 5.7). Sama væri upp á teningnum þó knatt húsi yrði snúið.“



Mynd 5.7 Yfirlið yfir knatt húss og íbúðarbyggð samkvæmt valkosti B. Myndin gerir ekki grein fyrir götum, bílastæðum og mögulegu torgi við Inngang.

Ekki er nefnt að íbúðalóðirnar voru boðnar út og tilboði frá Byggingarfélagi Gylfa og Gunnars hf. tekið í mars s.l. Þessum lóðum hefur því þegar verið ráðstafað og kostur B ekki verið raunhæfur síðan. <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/uthlutun-lodar-ad-asvollum-3>
Auk þess er kominn þarna æfingavöllur sem byrjað var á í fyrrahaust sem líka skarast við kost B, sjá hvíta svæðið á mynd.



Stóra knattúsið sem upphaflega átti að vera þar sem hvíta svæðið er, verður í horpinu næst Ástjörninni.

Á vef sínum birtir Skipulagsstofnun leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum sem ESB gaf út 2017. Um valkosti stendur þar m.a.: „ Og það er mjög mikilvægt að umfjöllun um valkosti við mat á umhverfisáhrifum feli í sér raunveruflega valkosti, en sé ekki sett fram til málamynda.“ Þetta á augljóslega við valkost B.

<https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/um-samanburd-valkosta-vid-mat-a-umhverfisahrifum>

Á íbúafundi í ágúst 2019 var íbúðarbyggðin sem skarast á við kost B fyrst kynnt. Gert var ráð fyrir nýrri staðsetningu knattúss á íþróttasvæði Hauka (kostur A). Þá strax átti að vera ljóst að kostur B væri úr sögunni. Málsnúmer 1902456.

<https://www.hafnarfjordur.is>


Í umsögn um matsáætlun VSÓ ráðgjafar sagði Skipulagsstofnun m.a.: „ Miðað við myndræna framsetningu á bls. 5 í matsáætlun virðist valkostur B óraunhæfur þar sem ráðgerðar íbúðir skerða svæði fyrir knattúss.“ Og svo þetta um valkostina, A og B: „ Skipulagsstofnun tekur þó undir með því sem segir í umsögnum að í ljósi nálægðar við Ástjörn, verndarstöðu og viðkvæmni svæðisins væri æskilegt að skoða fleiri kosti fyrir staðsetningu knattúss.“ Við teljum að Skipulagsstofnun hefði ekki átt að kynna umhverfismatskýrsluna án þess að annar eða aðrir kostir kæmu í staðinn fyrir kost B, en til þess hefur hún heimild samkvæmt 23. gr., 3. mgr. ofangreindra laga.

Bílastæði við knattúsið samkvæmt kosti A


Á bls. 7 er bílastæðunum lýst svo: „ Norðvestan við húsið er gert ráð fyrir 85-95 bílastæðum.“

Á yfirlitsmynd á bls. 8 er komið frá gangssvæði við norðurgafli knattússins í stað bílastæða sem sky. deiliskipulagsbreytingu samþykktu í bæjarstjórn 18. mars 2020 eiga að vera 230 alls. Á kynningarfundinum um umhverfismatskýrsluna 29. júní s.l. sagði fulltrúi VSÓ að um mistök væri að ræða, bílastæðin æftu að halda sér eins og ráðgert var. Samkvæmt þessu verða þá 135-145 bílastæði við norðurgafli rétt hjá tjörninni. Engin bílastæði eru sýnd með kosti B. Sjá myndir.

Matsáætlun



Umhverfismatsskýrsla



Mynd 5.2 Yfirlitsmynd lóðar vegna fyrirhugaðs knallhús, samkvæmt staðsetningu valkostar A (ASK arkitektar o.fl., 2021).

Áhrif á vatnafar og lífríki Ástjarnar

Á bls. 28 stendur: „Undirlag undir knatthúsi hefur verið skoðað með jarðborunum á svæðinu þar sem 16 borholur voru gerðar til að rannsaka undirliggjandi hraunklökk með það að markmiði að skoða ástand klapparinnar og hvort holrými leynist undir yfirborði hraunsins þar sem knatthús er fyrirhugað, samanber staðsetningu A.“ Ekki var borað á staðsetningu B, en þar megi búast við sambærilegum aðstæðum að því segir á bls. 23. Áherslan er hér á valkost A eins og víðar í þessari skýrslu. Efst á bls. 29 segir: „Jarðtæknirannsóknir sýna að undirliggjandi klökk er heil og þétt og stærri holrými ekki sjáanleg. Á þeim forsendum að aðeins sé borað í heilt berg og ekki er verið að opna fyrir holrými koma framkvæmdir ekki til með að auka lekt undirliggjandi klappar.“ En niðurstaðan af þessu á bls. 30 er ekki eins eindregin: „Áformaðar framkvæmdir eru ekki líklegar til að hafa áhrif á flæði grunnvatns . . .“

Ástjórn er lítil og viðkvæm eins og allir vita sem til þekkja og auk þess friðuð sem stundum vill gleymast. Hvaða áhrif risabygging við mörk friðlandsins rétt við tjörnina (kostur A) hefur á vatnafar hennar er ómögulegt að segja til um fyrir en byggingin er risin eða jafnvel löngu eftir það. Þessi framkvæmd verður því alltaf hættuspil eins og hún er hugsuð núna.

Í kaflanum um lífríki Ástjarnar er vísað í vistgerðarkortlagningu NÍ sem er mjög almenns eðlis og rúmlega 20 ára gamla rannsókn á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs. Þetta segir ósköp lítið um ástand tjarnarinnar í dag. Við erum t.d. litlu nær um það hvort vaxandi byggð í nágrenninu hafi einhver áhrif á hana eða sé líkleg til þess. Slíka rannsókn þyrfti að gera af umhyggju fyrir tjörninni gagnvart byggðinni sem þrengir að henni.

Áhrif á landslag og ásynd

Um þetta segir á bls. 43: „Knatthúsið kemur til með að vera áberandi kennileiti á svæðinu og breyta ásynd íþróttasvæðisins og nánasta umhverfis þess, m.a. frá fiðlandi og fólkvangi Ástjarnar og Ástjalls.“ Áhrifin eru talin óveruleg til talsvert neikvæð. Þó í skýrslunni sé ályktað sem svo að óverulegur munur sé á milli valkosta er í raun aðeins um kost A að ræða eins og við höfum bent á. Við minnum á að um er að ræða yfirbyggðan knattspyrnuvöll 11.370 fm að grunnfleti með áfastri 900 fm þjónustubyggingu og 25 m mænishæð. Skýrsluhöfundar þekkja varla vel til við Ástjórn fyrst þeir taka svona vægt til orða. Samkvæmt staðsetningu A er húsið alveg við mörk friðlandsins og við það 230 bílastæði, þar af 135-145 við norðurgaflið, steinsnar frá tjörninni. Hér er að venju hugsað út frá íþróttasvæðinu og útlit þess sagt breytast. Væri ekki réttara að hugsa þetta út frá friðlandinu og fólkvanginum, en með þessari byggingu væri verið að gera gríðarlega breytingu til hins verra á útliti Ástjarnar og Ástjarnarkvosarinnar sem er að okkar mati ekki í anda friðlýsingarinnar.

Áhrif á fuglalíf

Ástjórn og næsta nágrenni hefur verið friðland í 44 ár og þar er fjölskrúðugt fuglalíf. Fyrir 26 árum var friðlandið stækkað með fólkvangi vegna þess að friðlandið þótti of lítið og ekki síður vegna þess að þá voru upp hugmyndir um að byggja í kringum það. Sjálf varpsvæðin hafa frá friðun verið vernduð fyrir ónæði um varptímann frá 15. maí til 15. júlí.

Áður en Ástjórn var friðuð var hún komin á norræna skrá yfir mikilvæg votlendissvæði sem vert þykir að vernda. Tjörnin er laukavatn sem er forgangsvistgerð með mjög hátt verndargildi samkvæmt visgerðarflokkun Náttúrufræðastofnunar Íslands og er á lista Bernarsamningssins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnað verndar.

Í greininni Ástjórn, friðland og fólkvangur eftir Gunnar Ólafsson og Guðríði Þorvarðardóttur, 1998, er tjörnin sögð einstætt náttúrufrýrbæri sem eigi sér enga hliðstæðu í næsta nágrenni hins nær samfellda þéttbýlis höfuðborgarsvæðis og hún einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi. Allt þetta laðar að fugla.

Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að nákvæmasta könnunin á fuglalífi við Ástjörn er yfir 20 ára gömul og hafi þá alls 53 tegundir fugla sést á athugunarsvæðinu. Í viðauka Rorum við skýrsluna eru raktir ýmsir ókostir við mannvirkjagerð við Ástjörn, t.d. sé talið að uppbygging á Áslandshverfi árin 1999 – 2002 hafi valdið niðursveiflu í fuglalífi tjarnarinnar. „, Að lokum,“ segir í viðaukanum, „ er rétt að benda á óvissu sem felst í mati sem þessu. Ætlunin er að hefja mannvirkjagerð í nálægð við fólkvang og friðland við Ástjörn sem áður hefur sýnt sig að vera viðkvæmt fyrir framkvæmdum. Landslag við vesturenda svæðisins kemur til með að breytast varanlega með því að mynda þar ákveðna hindrun. Þegar á heildina er litið er niðurstaðan sú að ólíklegt er að framkvæmdirnar hafi varanleg áhrif á fuglalíf Ástjarnar.“


Okkur finnst síðasta setningin ekki í samræmi við það sem undan er komið í þessum lokaorðum. Hér á það sama við og í kaflanum um vatnafar og lífríki Ástjarnar. Ekki er vitað með neinni vissu hver áhrifin af stórbrotinni mannvirkjagerð við Ástjörn verða.

Við höfum nú rakið aðalatriðin í umhverfismatsskýrslunni sem VSÓ ráðgjöf vann fyrir Hafnarfjarðarbæ. Hún er góðra gjalda verð en bætir litlu við það sem áður hefur komið fram, þó löng sé. Við eigum aðeins eftir að nefna að Ástjarnarkvosin, þ.e. tjörnin, fuglalífið og gróðurinn, og Ásfjallið eru mikil og sjaldgæf náttúrugæði í þéttbýlinu sem verða hvorki vegin né metin.

Virðingarfyllst,

Björn Ól. Gíslason, Blikaási 9, Hafnarfirði
Ólöf Björnsdóttir, Erluási 1, Hafnarfirði
Hulda Björnsdóttir, Blikaási 6, Hafnarfirði

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Hafnarfjörður, 15. júlí 2022

Efni: Athugasemdir um umhverfismatsskýrslu vegna uppbyggingar á íþróttasvæði Hauka í Hafnarfirði

Undirrituð gerir athugasemdir við umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar vegna uppbyggingar á íþróttasvæði Hauka við friðland Ástjarnar í Hafnarfirði, dags. 25. maí 2022, en einnig er vísað til til athugasemda á fyrri stigum þessa máls.

Röng tafla og umfjöllun í niðurstöðum skýrslu

Tafla á bls. iii um samantekt á niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum er röng og ekki í samræmi við niðurstöðu matsins varðandi útivist, sbr. töflu 15.1 bls. 56, sbr. töflu bls. 55. Að sama skapi er umfjöllun í kafla um niðurstöðu matsins bls. 56 röng þar sem fullyrt er að framkvæmdin sé metin hafa óveruleg áhrif á útivist.

Valkostur C, fjær friðlandinu, ekki metinn

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 13. júlí 2021, var bent á nauðsyn þess að „skoða [...] áhrif af staðsetningu íþróttahúss í samræmi við gildandi deiluskipulag, fjær friðlandsmörkum, og bera saman umhverfisáhrif þessara tveggja valkosta [A og B]“. Í álitum Skipulagsstofnunar um matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar, dags. 22. febrúar sl., ítrekar stofnunin framangreint. Þar kemur nánar tiltekið fram að Skipulagsstofnun taki undir með Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og undirritaðri og telji „í ljósi nálægðar við Ástjörn, verndarstöðu og viðkvæmni svæðisins væri æskilegt [í mati á umhverfisáhrifum] að skoða frekari valkosti fyrir staðsetningu knattþússins.“

Í umhverfisskýrslu Hafnarfjarðarbæjar er álitum Skipulagsstofnunar og umsögn Heilbrigðiseftirlitsins ekki fylgt og eingöngu metin áhrif fyrrnefndra tveggja valkosta, A og B, sem báðir eru staðsettir við friðlandið. Í reynd er bara einn valkostur metinn, A, því eftir

lestur umhverfismatsskýrslunnar er ljóst að valkostur B fylgir þarna með til málamynda og áhrif í reynd ekki metin nema að mjög takmörkuðu leyti.¹

Augljóslega er að mati undirritaðrar ekki er hægt að meta heildar umhverfisáhrif af valkosti A (og B) nema valkostur C, fjær friðlandinu, hefði einnig verið metinn og raunverulegt mat farið fram. Þetta var ekki gert og því er fyrirliggjandi mati á umhverfisáhrifum verulega ábótavant.

Eins og áður hafnar sveitarfélagið því að meta aðra valkosti með vísan til sjónarmiða sem það hefur áður sett fram, þ.e. að Hafnarfjörður áformi áframhaldandi uppbyggingu á ípróttasvæði Hauka og stefnt sé að þéttingu byggða með íbúðabyggð á svæðinu. Þess vegna komi aðrir valkostir ekki til greina í matinu.

Sveitarfélagið hefur vissulega skipulagsvald en það er bundið af lögum á sama tíma og ber að virða friðlýsingar, lög og sjónarmið annarra stjórnvalda um áhrif framkvæmdarinnar og mannvirkisins á svæðið.

Örfár íbúðir telja auk þess ekki í stóru samhengi við skort á íbúðarhúsnæði í Hafnarfirði. Þau sjónarmið halda því lítið. Auk þess sem þessi sjónarmið Hafnarfjarðarbæjar fara illa saman, þ.e. að samtímis sé því haldið fram að mikilvægt sé að stuðla að uppbyggingu ípróttasvæði Hauka en á sama tíma færa rök fyrir því að skerða ípróttasvæðið og hluti þess verði settur undir íbúðarbyggð með tilheyrandi raski og umferð fyrir svæðið og aðgengi þar að. Hin raunverulega ástæða Hafnarfjarðarbæjar á því að þriðji valkosturinn er ekki metinn er fjarhagslegs eðlis. Fjármagn fyrir hinar seldu lóðir á svæðinu á að standa undir byggingu mannvirkisins fyrir Hauka. Hvað hafði sveitarfélagið að óttast við að meta áhrif þriðja valkostsins, fjær friðlandinu? Er líklegt að sá valkostur hefði hugsanlega haft mun minni áhrif á umhverfið? Ekki fer sveitarfélagið að draga sölu á lóðunum til baka sem þegar hafa verið seldar til byggingaraðila?²

Áhrif íbúðabyggðar á svæðinu ekki metin

Ljóst er að Skipulagsstofnun með álitinu sínu 22. febrúar sl. setti það sem skilyrði að meta ætti áhrif íbúðabyggðar á svæðinu á framlagða kosti um uppbyggingu ípróttamannvirkja, sbr. einnig ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu frá 2021. Þetta er ekki gert í fyrirliggjandi umhverfismatskýrslu. Sérstaklega er tilgreint í skýrslunni að matið taki ekki til íbúðarbyggðarinnar á svæðinu. Fyrirliggjandi mat á umhverfisáhrifum er því ófullnægjandi og ekki samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar.

¹ Sjá til dæmis nðst bls. 11 í umhverfismatskýrslu. Ekkert mat eða rannsóknir t.d. jarðboranir voru gerðar á því svæði. Í skýrslunni er eingöngu látið nægja að staðhæfa án nokkurra röksemda að þar séu sambærilegar aðstæður og í valkosti A. Sýnir þetta hvað valkostur B er settur fram til málamynda og áhrif hans í reynd ekki metin til samanburðar við A. Til að undirstrika að mat hefur ekki farið fram á valkosti B, segir á bls. 30 í skýrslunni eftirfarandi: „Ef valkostur B verður fyrir valinu þarf að skoða hvort sé þörf á frekari aðgerðum til að verja mannvirki vegna Ástjarnar þegar hún er í hæstu stöðu“. Sýnir þetta hvað mat á valkosti B fór í reynd ekkert fram og sett fram til málamynda. Mynd bls. 31 er því hvað valkost B ljóslega í engu samræmi við það mat sem var kynnt að framan, enda ekkert mat eða mótvægisáðgerðir skoðaðar um þann valkost.

² <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/uthlutun-lodar-ad-asvollum-3>

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að sveitarfélagið er eins og áður segir þegar búið að auglýsa og selja lóðirnar undir íbúðabyggðina og samþykka að gefa út framkvæmdarleyfi fyrir byggingu íbúðanna. Renna þær aðgerðir sveitarfélagsins styrkari stöðum undir að umhverfismatsskýrsla þessi er eingöngu til málamynda og þegar búið að ákveða að fara í framkvæmd á valkosti A og skýrslan „sniðin“ að því.

Verndargildi hins friðlýsta svæðis ekki metið sem slíkt / Kröfur friðlýsingaskilmála og laga um leyfi og umsögn Umhverfisstofnunar sniðgengnar

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 13. janúar sl. um matsáætlun er kafli sem heitir „Friðlýst svæði“. Þar kemur fram að mikilvægt sé að metin verði áhrif á verndargildi friðlýstu svæðanna í umhverfismatsskýrslu og áréttað að afla þurfi leyfi frá Umhverfisstofnun skv. friðlýsingarskilmálum og umsagnar Umhverfisstofnunar samkvæmt 54. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sem fjallar um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis ef starfsemi eða framkvæmd hafi áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins.

Í viðbrögðum Hafnarfjarðarbæjar við þessari umsögn Umhverfisstofnunar er fullyrt að sótt verði um leyfi til Umhverfisstofnunar ef framkvæmdin komi til með að hafa áhrif á verndargildi Ástjarnar.³ Áhrif framkvæmdanna á verndargildi Ástjarnar sem friðlands og fólksvangs er á hinn bóginn hvergi metið sem slíkt í umhverfismatskýrslunni. Þetta á við jafnvel þótt áður nefnd umsögn Umhverfisstofnunar liggja fyrir og það sé skýr lagaskylda skv. 1. mgr. 54. gr. náttúruverndarlaga.

Ljóst er af umfjöllun í einstaka köflum í umhverfismatskýrslunni að áhrifin á verndargildið eru talsvert neikvæð. Vísað er til kafla 10 og kafla 14 í umhverfisskýrslunni um óafturkræfanlegar ásýndarbreytingar og upplifun útivistarfólks þar sem knatthúsið kemur til með að breyta „*ásýnd svæðis vestur af Ástjörn og vera mjög áberandi í landslaginu sem kann að hafa áhrif á upplifun þeirra sem fara um friðlandið og fólksvanginn*“. Þetta á við bæði um valkost A og B. Í kafla 10 eru birtar myndir af mannvirkinu sem endurspeglar hin talsverðu neikvæðu áhrif og sýna að verndargildi Ástjarnar sem fólksvangs verður skert verulega. Í kafla 12 er fjallað um áhrif á fuglalíf en verndun fugla og annarra dýra var ein af forsendum friðlýsingar á Áslandi á sínum tíma. Samkvæmt matinu eru bæði valkostir A og B taldir hafa áhrif á fuglalíf og „*sýnt sig að svæði er viðkvæmt fyrir framkvæmdum*“. Segir að valkostur A feli í sér meiri skugga og loki fyrir aðflugsleið að tjörninni. Fram kemur að óvissa sé til staðar og í fyrirliggjandi mati RORUM kemur fram að landslag við vesturenda svæðisins komi til með að breytast varanlega með því að mynda þar ákveðna hindrun. Framkvæmdin er metin geta haft óveruleg til talverð neikvæð áhrif á fuglalíf. Samkvæmt 5. tl. friðlýsingar frá 1978 má ekki trufla dýralíf nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Varðar það viðurlögum skv. náttúruverndarlögum ef brotið er gegn skilmálum friðlýsingarinnar.

Ef framangreind umfjöllun í einstaka köflum umhverfismatskýrslunnar er dregin saman er ljóst að áhrif á verndargildi friðlandsins eru til staðar og hafa þau neikvæð áhrif á verndargildi

³ Bls. 9 í viðbrögðum Hafnarfjarðarbæjar.

hins friðlýsta svæðis. Í þeim tilvikum ber sbr. umsögn Umhverfisstofnunar að gæta að 54. gr. náttúruverndarlaga og skilmálum friðlýsingarinnar. Í kafla 3.3 í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um leyfi vegna framkvæmdarinnar en í þeim kafla skýrslunnar er ekki vikið að þessum kröfum laga og skilmálanna um leyfi og umsögn Umhverfisstofnunar. Er skýrslan því ekki í samræmi við gildandi lög og reglur.

Þá er því við að bæta að samkvæmt lögum um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd sem tekur til Ástjarnar og hraunsins í kring, sbr. 61. gr. laganna. Samkvæmt lögnum skal forðast að raska vistkerfinu og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til. Af þessu leiðir að gera verður kröfum um bráða nauðsyn framkvæmdar og meiri kröfur gerðar en ella til að mat á umhverfisáhrifum sé fullnægjandi. Umhverfismatsskýrslan uppfyllir ekki þessar kröfur laga.

Samkvæmt niðurstöðu skýrslunnar eru áhrif á eldhraun metin talsvert neikvæð, sbr. kafla 7 um áhrif á jarðminjar og bls. 43. Samkvæmt áðurnefndri 61. gr. náttúruverndarlaga ber að forðast að raska eldhrauni nema brýna nauðsyn beri til. Hvergi er í skýrslunni er útskýrð brýn nauðsyn á mannvirkinu umfram verndargildi eldhraunsins lögum samkvæmt. Ekki er nægilegt að byggja á því að Hafnarfjarðarbær hafi hvort eð er raskað það miklu eldhrauni að þetta hraun skipti ekki máli. Slík rök eru ólögumæt og haldlaus. Einnig ber að hafa huga að samkvæmt umræddri 61. gr. laganna skal Hafnarfjarðarbær, áður en framkvæmda- eða byggingaleyfi, er veitt leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar skv. áðurnefndri 61. gr. laganna. Að þessu er ekkert vikið í umhverfisskýrslunni, hvorki í umræddum kafla um jarðminjar né í kafla 3.3.

Vatnafar og lífríki Ástjarnar

Í niðurstöðu í álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun, dags. 22. febrúar 2022, segir, sbr. einnig kafla 3 í álitinu: „*Meta þarf hvort flóð frá vatnasvæði Ástjarnar kunni að hafa áhrif á mannvirki og nauðsynlegt að sé að beita einhverjum mótvægisáðgerðum vegna þeirra*“. Skýrt er af álitinu að þetta tekur til mannvirkja á svæðinu hjá tjörninni.

Í umhverfismatsskýrslu Hafnarfj. bæjar er þetta á hinn bóginn þrengt niður og eingöngu metin áhrif á „*mannvirki valkosta*“ gegn vatni ef vatnsyfirborð Ástjarnar hækkar, sbr. bls. 24 í matinu. Er þetta ekki í samræmi við álit Skipulagsstofnunar. Ekkert mat er framkvæmt á hættu á hækkingu yfirborði tjarnarinnar fyrir byggð á öðrum stað en á Íþróttasvæðinu og hverjar væru mótvægisáðgerðir vegna þessa. Auk þess fer ekkert mat fram varðandi valkost B.

Þá er látið nægja í matinu að staðhæfa að þegar boraðar svelgholur muni taka við affalli og ekki talin frekari þörf á áðgerðum til að verja mannvirki „*þegar hún [Ástjörn] er í hæsta stöðu fyrir valkost A*“, sbr. bls. 27 í skýrslunni. Það er þannig órökstutt með öllu hvernig svelgholur eiga að taka við vatnsmagni ef vatnsyfirborð Ástjarnar hækkar. Hvergi er í matinu rökstutt hvernig ótilgreindar svelgholur eigi að taka við vatni t.d. ef það hækkar um 1 – 4 metra. Mér er þannig ekki ljóst til hvaða „svelghola“ er verið að vísa en af mynd bls. 27 má ráða að þær

séu tvær talsins staðsettar til vesturs inn á einum íþróttavellinum. Þetta mætti skýra betur eða vísa til viðeigandi umfjöllunar.

Á bls. 29 í skýrslunni segir um mótvægisáðgerðir að við hönnun framkvæmdar „verður útfærður sá möguleiki að á svæðinu verði hægt að taka við viðbótar vatni, ef vatnstaðan hækkar verulega og leiða það burt svo grunnur bygginga liggi ekki undir skemmdum vegna vatnsaga“. Þetta miðar eingöngu við áhrif á mannvirkið sjálft en ekki hvað verði gert fyrir tjörnina ef vatnsstaðan hækkar „verulega“. Rennir þetta stoðum undir að eiginlegt mat á „verulegri“ hækkun vatnsborðsins og áhrifum á tjörnina hefur ekki farið fram eða kynntar þar mótvægisáðgerðir sem eru trúverðugar.

Á bls. 29 í skýrslunni er einnig staðhæft að „[v]ið hönnun framkvæmdarinnar verður tryggt að afrennsli frá framkvæmdasvæðinu renni ekki í Ástjörn“. Þetta er óljóst. Hvað í hönnun tryggir þetta? Að lágmarki mætti vísa til hönnunarskilmála sem væru þá meðfylgjandi eða umfjöllun annars staðar í skýrslunni eða viðaukum.

Á sömu blaðsíðu skýrslunnar er fjallað um áhættuminnkandi áðgerðir verktaka. Vísað er til að niðurstöðu eftirlits verktaka séu aðgengilegar „eftirlitsaðilum“. Til hvaða eftirlitsaðila er verið að vísa? Þetta er óskýrt. Sjá einnig hér umfjöllun á eftir um eftirlit með framkvæmd og mannvirki.

Á bls. 30 í skýrslunni er vísað til að stöðva skuli framkvæmd ef niðurstaða grunnvatnsvöktunar sé „utan ásættanlegra marka“. Þetta er ekki skýrt frekar. Við hvaða mark á að stöðva framkvæmdir? Þetta er afar matskennt og markleysa í reynd. Sveitarfélagið sjálft og verkkaupi eru ekki bær til að koma að matskenndri ákvörðun um stöðvun enda aðilar sem hafa ljóslega verulega og beina hagsmuni af því að framkvæmdinni sé áframhaldið án stöðvunar. Aðkoma Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits þessu stigi verður að vera skýrari í verklagsreglum. Setja þarf þarna hlutræn mörk t.a.m. undir 20 m.y.s. eða yfir 22 m.y.s. Eftir atvikum þarf að setja í verklagsreglu um að kalla til fleiri aðila, eins og lögreglu, enda getur eftir atvikum verið um refsiverða háttsemi að ræða sem varðað getur viðurlögum.

Einnig skortir mat á hættu á því að tjörnin tæmist eða vatn lækki umtalsvert.

Undirrituð fær ekki séð að niðurstaða umhverfismats Hafnarfjarðarbæjar um óveruleg áhrif á vatnafar og lífríki fái staðist. Ýmist segir í matinu að mótvægisáðgerðir miðist við að hæð graftarbotns á knatthúsi sé 0,6 m eða hæð graftarbotns sé minnst 0,5 m ofan við grunnvatnsyfirborðið, sbr. t.d. bls. 12 og 13 í skýrslunni. Er þetta óskýrt. Hvort heldur sem er þá sýnir matið ekki fram á að þessi mótvægisáðgerð komi í veg fyrir hættu á lekt stemmisins. Vegna verndargildi vatnafars Ástjarnar og friðlýsingar eru að lögum gerðar strangar kröfur sem takmarka skipulagsvald Hafnarfjarðarbæjar. Áhættan að vera 50 – 60 cm ofar á öllu þessu svæði sem fer undir risa knatthús er ljóslega ennþá til staðar og veruleg. Þetta verða þá í mesta lagi tvær 30 cm reglustikur sem spannar 11.370 m² svæði á því hrauni sem myndar tjörnina.

Fullyrt er á bls. 29 í umhverfismatsskýrslunni að með þessum aðgerðum muni gröfturinn og knatthúsið ekki hafa áhrif á lekt stemmisins og flæði grunvatns úr Ástjörn muni haldast óbreytt. Þessar fullyrðingar eru settar fram með vísan til 5 kafla skýrslunnar. Í þeim kafla skýrslunnar er á hinn bóginn ekki að finna grundvöll fyrir slíkum staðhæfingum heldur eru ályktanir þar mun vægari. Þannig kemur t.d. fram á bls. 11 í matinu að það verði gert rask á hraunklöppunni og undirstöður muni að meðaltali ná 1,1 metra niður í hraunklöppina. Ekki sé „líklegt“ að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á lekt stemmisins, og þar af leiðandi „ætti“ flæði grunnvatns Ástjarnar að haldast óbreytt. Að mati undirritaðrar er þarna stigsmunur á orðalagi og engin stoð fyrir fullyrðingum í matinu bls. 29. Áfram er áhætta og óvissa af áhrifum og raski á vantafar og lífríki tjarnarinnar. Þetta er eins og að kaupa sér lottómiða og giska á tölur eftir heimasíðuðu spálíkani. Niðurstaðan getur orðið einhvern veginn. Verið er að taka áhættu sem varðar svæði sem að lögum hefur mikið verndargildi og gengur þetta spálíkan Hafnarfjarðarbæjar skammt. Að minnsta kosti telur undirrituð ljóst að hvorki matið né mótvægisáðgerðir standa undir því að niðurstaða matsins sé að risa mannvirknið komi til með að hafa „óveruleg áhrif“ á vatnafar og lífríki við Ástjörn.

Í umhverfismatsskýrslunni er heldur ekki að finna mat eða umfjöllun um áhrif aukinna vinda af húsinu fyrir dýr, menn og gróður en ætla má af stærð hússins að í vissum vindáttum geti vindur magnast af húsinu.

Krafa um að eftirlit með framkvæmd verði hjá óháðum þriðja aðila -ekki sveitarfélaginu sjálfu

Eftirlit með til að mynda mótvægisáðgerðum á framkvæmdatíma (s.s. vegna mengunarhættu) og á líftíma mannvirkisins er gegnum umhverfismatsskýrsluna sett í hendur verktaka eða framkvæmdaaðila sjálfs, Hafnarfjarðarbæjar, sjá t.d. bls. 29 neðarlega og bls. 57 – 58. Það er að mati undirritaðrar ótækt að verktaki og framkvæmdaaðili hafi eftirlit með sjálfum sér. Hlutlægt séð er það augljóst að eftirlit verði ekki í höndum þeirra aðila sem hafa beina hagsmuni af því að framkvæmdin stöðvist ekki.

Hér er einnig vísað til forsögu þessa máls þar sem sveitarfélagið hefur frá upphafi reynt að fara „styttri leiðina“ og reyndi markvisst í upphafi (í tvígang) að komast hjá lögmætu ferli um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, sem var augljós lagaskylda um. Sveitarfélagið sjálft hefur fyrir löngu tekið fyrstu skóflustungu af byggingu hússins. Boðað eftirlit sveitarfélagsins eða verktaka á þess vegum er ótrúverðugt. Búið er að selja íbúðabyggðina á svæðinu til að byggja hýsið á valkosti A. Hvatar sveitarfélagsins til þess að láta mengandi framkvæmd óáreiða eru með vísan til framangreinds miklir. Slíkur aðili á ekki að fara með eftirlit.

Óhjákvæmilegt er því að gera kröfu um að eftirlit með framkvæmd og mannvirkinu verði í höndum óháðs þriðja aðila sem hefur þekkingu til og birtar verði um það upplýsingar reglulega og á opinberum vettvangi.

Síðast en ekki síst verður að hafa óháðan eftirlitsaðila með framkvæmdinni og mannvirkinu vegna verulegs og lagalegs verndargildi Ástjarnar sem friðlands og fólkvangs. Hefja á framkvæmd sem aðeins má lagalega séð fara í ef það er fyrir hendi *brýn nauðsyn*. Sveitarfélagið ætti því a.m.k. að sjá sóma sinn í því að ferlið hér eftir sé faglegt og eftirlit með framkvæmd og mannvirkinu verði í höndum óháðs þriðja aðila.

Lokaorð


Undirrituð hefur sem íbúi á mörkum friðlandsins og eigandi húseignar þar áhyggjur af áhrifum framkvæmdanna á friðland Ástjarnar. Samkvæmt umhverfismatskýrslu eru áhrif m.a. metin talsvert neikvæð. Jafnframt eru þar margir þættir þar sem óvissa ríkir um áhrifin eða mótvægisáðgerðir, eins og áhrif á fuglalíf og vatnafar tjarnarinnar. Þá skortir á að áhrif á verndargildi svæðisins hafi verið metið í heild sinni og sem slíkt.

Hulda Hákonardóttir
Spóaási 10



Skipulagsstofnun
Borgartúni
105 Reykjavík

sent með tölvupósti á: skipulag@skipulag.is



12. júlí 2022

Efni:

Uppbygging á íþróttasvæði Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði, umhverfismatsskýrsla, maí 2022, athugasemdir stjórnar Landverndar

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér Umhverfismatsskýrslu vegna áformaðrar uppbyggingar fyrir íþróttasvæði Hauka í Hafnarfirði¹. Rétt er að vísa einnig til umsagnar Landverndar frá 28. desember 2021 þegar mátsáætlun var til umfjöllunar².

Ástjórn

Ástjórn og nánasta umhverfi hennar er friðlýst og nýtur auk þess verndar náttúruverndarlaga eins og hraunið umhverfis hana. Ástjórn er grunn og sérstaklega viðkvæm, vatnsborð hennar sveiflast eftir árstíð og veðurfari. Eins og fram hefur komið í athugasemdum öðrum frá fagstofnunum er vandséð hvernig framkvæmdaaðilar ætla að tryggja með öruggum hætti að vatnsborð skerðist ekki. Það er ábyrgðarluti að leggja upp með svo gríðarstórar framkvæmdir á jaðri eins af örfáum friðlýstum svæðum á höfuðborgarsvæðinu. Hvar ef ekki í slíkum tilfellum á náttúran að njóta vafans?

Að mati Landverndar er hér um að ræða eitt af fáum friðlýstum svæðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og það eina sem hefur fengið sérstaka vernd vegna óvenjulega mikilla náttúrugæða í þessum flokki friðlýsingar. Lífríki allt og vistgerðir á svæðinu eru einstakar í sinni röð í mikilli nálægð við þéttbýlið í Hafnarfirði, þá og er um að ræða jarðminjar á borð við viðkvæmt eldhraun sem einnig yrði raskað, en hraunið nýtur sérstakrar verndar skv.61.gr.náttúruverndarlaga nr. 60/2013 bæði þar sem um er að ræða rask á vatnafari stöðuvatns stærra en 1000 m² (1. mgr. a liður 61. gr. náttúruverndarlaga) sem og á nútímahrauni (2. mgr. a liður 61. gr. náttúruverndarlaga).

Stjórn Landverndar telur því að varast beri allar framkvæmdir sem hugsanlega geti ógnað svæðinu með einum eða öðrum hætti. Að eiga slíkt svæði í þéttbýli óraskað eða óspillt með nærliggjandi framkvæmdum er einstakt og afar vermætt fyrir íbúa Hafnarfjarðar og alla landsmenn. Því ber að leita annar svæða til að reisa umfangsmikil og stórkallaleg íþróttamannvirki á við knatthús.

¹ <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismatsskýrsla-Haukar.pdf>

² <https://drive.google.com/file/d/1zsx0wA3HkUBKuDhR4ve1YynzkFdC03lp/view>

Stjórnsýsluleg meðferð

Það blasir við að Hafnarfjarðarbær hefur tekið ákvörðun um framkvæmdir þó mati á umhverfisáhrifum sé ekki lokið. Tveimur dögum eftir að síðasta bæjarstjórnarfundir á síðasta kjörtímabili var slitið og aðeins degi fyrir kosningar til nýrrar bæjarstjórnar³ er samþykkt að framkvæmdin fari í útboð. Ekki verður annað séð en að þar sé um ósæmilegan, eða jafnvel ólögsmætan stjórnsýslugjörming að ræða. Sú grunnsemd vaknar að þetta sé gert í flýti í þeim eina tilgangi að ná til kjósenda degi fyrir kosningar.

Þá lýsir Landvernd furðu að jafn gríðarlega umfangsmiklar framkvæmdir sem hafa jafn mikil áhrif á hið friðlýsta svæði hafi enga faglega umfjöllun hlotið innan fastanefnda bæjarfélagsins, sem ber þó að fjalla efnislega um málið og vera bæjarstjórn til ráðgjafar. Nú er það svo að sveitarfélögum í landinu er skylt að skipa og hafa starfandi náttúruverndarnefndir sbr. heimasíðu Sambands Íslenskra sveitarfélaga: <https://www.samband.is/verkefningin/umhverfis-og-urgangsmal/natturuvernd/>

Þar segir orðrétt:

„Í sveitarfélögum skal vera starfandi þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd samkvæmt lögum um náttúruvernd. Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd á sínu svæði. Þær skulu hafa forgöngu um það að vekja almennan skilning á gildi náttúruverndar og óspillts umhverfis. Náttúruverndarnefndir skulu fylgjast með því, að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum sem brjóta í bág við ákvæði og fyrirmæli laga. Umhverfisstofnun og náttúruverndarnefndir fundu einu sinni á ári.“

Hér í kafla um skyldur sveitarfélaga er svo skýrt á kveðið að engum vafa er undirorpið að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur farið algjörlega á svig við þær skyldur sem þeim ber að sinna að hafa ekki vísað málinu til efnislegrar meðferðar til náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins. Enga efnislega eða faglega umfjöllun er að finna í gögnum Umhverfis- og eða framkvæmdanefndar Hafnarfjarðar um hið friðlýsta svæði í tengslum við áformaðar framkvæmdir. Ekki verður því komist að annarri niðurstöðu en þeirri að bæjarfélagið hafi enga starfandi náttúruverndarnefnd þrátt fyrir að hafa verið treyst til þess að hafa umsjón með hinu friðlýsta svæði. Hið friðlýsta svæði sem um ræðir á sér því engin málsvara innan stjórnsýslu Hafnarfjarðar eftir því best verður séð.

Í ljósi framangreindra athugasemda **telur stjórn Landverndar nauðsynlegt að Skipulagsstofnun kalli sérstaklega eftir að öllum gögnum um málsmeðferð af hálfu Hafnarfjarðarbæjar í þessu máli og þeim gögnum verði skilað inn til sérstakrar yfirferðar af þar til bærum aðilum sem geta skorið úr um hvort stjórnsýsluleg meðferð þessa máls hafi**

³ Í fundargerð bæjarráðs Hafnarfjarðar 13.5.2022 segir m.a.: "Bæjarráð samþykkir að ráðist verði í útboð á 1. áfanga knatthúss Hauka í samræmi við fyrirliggjandi útboðs- og verkskilmála. Við útboðið áskilur sveitarfélagið sér rétt til þess að hafna öllum tilboðum yfir framlagðri kostnaðaráætlun. Það verður nýkjörinnar bæjarstjórnar að taka afstöðu til þess hvort og þá hvaða tilboði verður tekið að afloknu útboði. Málinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar." Þessi ákvörðun var staðfest af nýrri bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Ekki hafði tekist að fá afrit af útboðsgögnum þegar þetta var ritað.

verið framkvæmd með réttmætum hætti. Skipulagsstofnun ber samkvæmt lögum að fylgja eftir að staðið sé með lögmætum hætti að öllum skipulagsferlum og lögmætum og lýðræðislegum vinnubrögðum við skipulagsgerð sveitarfélaga sem og annarra framkvæmdaaðila.

Fugla- og vatnalíf.

Líkast til er engin staður í nálægð höfuðborgarsvæðisins sem hefur yfir jafn fjölbreyttu fuglalífi að ráða og Ástjörn, en það skýrist ekki síst af sérstöðu vistgerða og smádýralífs þessa vatns sem laðar að sér fjölbreytta fuglafánu. Af mörgum fuglategundum, alls 28 tegundum samkvæmt greiningu, má þar nefna flógoða sem er afar viðkvæm tegund á valista sem fá vötn á suðvesturhorni landsins hafa að skarta.

Í matskýrslunni kemur fram að bæði valkostur A og B muni hafa neikvæð áhrif á fuglalíf Ástjarnar og staðfest er í skýrslunni að svæðið sé viðkvæmt fyrir framkvæmdum vegna þessa.

Landvernd vill einnig árétta að óheimilt er að breyta náttúrulegu yfirborði Ástjarnar. Hvað varðar náttúrulegt vatnsyfirborð sem er sérlega viðkvæmt er varðar allt lífríki – sbr. margvíslegar vistgerðir, smádýra- og fuglalíf treysta skýrsluhöfundar sér ekki að útiloka að um óafturkræft tjón verði. Í skýrslunni er með öðrum orðum skrifað „*að ólíklegt sé að valkostir hafi varanleg neikvæð áhrif á fuglalíf Ástjarnar*“ Með þessu er viðurkennt að sú aðferðarfræði sem fyrirhugað er að beita til að koma í veg fyrir óafturkræf náttúruspjöll inn á friðlýstu svæði heldur ekki vatni í orðsins fyllstu merkingu. Skýrsluhöfundar geta með öðrum orðum ekki staðfest með öruggum hætti að náttúrulegt vatnasvið Ástjarnar verði ekki skert. Með því er staðfest einnig að náttúran skuli ekki látin njóta vafans ef farið verður í framkvæmdir. Gangi framkvæmdir eftir yrði það áfelligsdómur yfir þeim bæjarfulltrúum sem eru reiðubúnir að fórna friðlýstu svæði sem þeim hefur verið treyst til þess að hafa umsjón með.

Valkostagreining

Landvernd telur ekki einvörðungu málsmeðferð Hafnarfjarðarbæjar ámælisverða heldur og ekki síður framsetningu í Umhverfismatskýrslu sem gefur að hluta mjög ruglingslega mynd af þeim áformum sem sveitarfélagið stefnir að. Má þar fyrst nefna til sögunnar að í matskýrslunni eru dregnir fram þrjú valkostir, tveir þeirra miða að framkvæmdasvæðum A og B og svo núllkostur.

Ef greina á milli valkosta A og B kemur í ljós að ekki verður betur séð en að nú þegar hafi bæjarstjórn tekið ákvörðun um að ráðstafa svæði B. Svæði B er einmitt svæðið þar sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að umrædd knatthöll ætti að rísa. Á þessu svæði B verður ekki annað séð af skýrslunni að dæma en að komin sé af stað vinnsla á skipulagðri tillögu fyrir íbúðabyggð. Valkostinum hefur því í raun þegar ráðstafað. Það er því áleitinn spurnin um hvað er þá eiginlega verið að velja. Það er óásættanlegt setja upp valkosti sem er raunverulega fyrirfram búið að taka ákvörðun um að skipuleggja með öðrum hætti. Það er því villandi að tala um valkost. Hér er því enn og aftur um afar sérkennilega málsmeðferð og kynningu á verkefninu að ræða af hálfu bæjarfélagsins.

Þá skal hér sömuleiðis gerð alvarleg athugasemd við töflu **15.1. samantekt á niðurstöðum á umhverfisáhrifum**. Landvernd lýsir furðu yfir greiningu í þessum kafla sem gerð er milli valkosta A og B. Allir umhverfisþættir sem metnir eru milli ólíkra valkosta þ.e. A og B hljóta nákvæmlega sömu einkunn er varða umhverfisáhrif. Þessir þættir eru jarðminjar, vatnafar og lífríki, gróðurfar, landslag og ásýnd, fornleifar, fuglalíf, hljóðvist og lýsing og útivist. Það er því ekki annað en hægt að draga þá ályktun að kastað til hendi við greiningu umhverfisáhrifa ólíkra sviðsmynda þegar taflan er skoðuð. Þá er núllkostur ekki sýndur í kafla 15.1. en það er einmitt sá kostur sem er til þess fallinn að tryggja óraskaða náttúru og framtíð Ástjarnar, og því besti kosturinn frá því sjónarmiði.

Bæjarfélagið - umsjónaraðilinn

Ekki verður annað séð af gögnum og atgangi bæjarfélagsins í málinu en að aldrei hafi annað staðið til en að ráðast þessar framkvæmdir algjörlega og óháð því hvaða afleiðingar þær kynnu að hafa fyrir umhverfi og náttúru hins friðlýsta svæðis. Augljóst er af allri málsmeðferð og vinnulagi að bæjarfélagið telji sig engar skyldur hafa gagnvart hinu friðlýsta svæði jafnvel þótt það sé skrifað í lög og reglugerðir og um svæðið sé gerður sérstakur umsjónarsamningur þar sem sveitarfélaginu er treyst fyrir náttúruperlunni og útivistarsvæðinu Ástjörn.

Ekki er um það deilt að nú þegar hefur verið gengið mjög nærri þessu einstaka friðlýsta svæði sem Ástjörn er og staðfest er af höfundum skýrslunnar í niðurstöðu matsins í kafla 15, þar sem þó er reynt að teygja lopann í sömu setningu allt frá óveruleg áhrif til þess að hafa veruleg áhrif þegar fjallað er um ásýnd. Það að stór hluti af gönguleiðinni kringum Ástjörn muni hafa gjörbreytta ásýnd þar sem áformuðu mannvirki er ætlað að rísa má hverjum ljóst vera, að upplifun þeirra sem heimsækja munu Ástjörn framvegis verður upplifun aldrei söm. Umhverfi Ástjarnar allt er hluti af náttúrulegri upplifun sem fólk sækir í. Því er hér um bæði ósjálfbær og óafturkræf náttúruspjöll að ræða hafi bæjarstjórn óbreytt áform uppi.

Virðum friðlýsingar

Ef Hafnarfjarðarbær gengur til verksins eins og áformað er, er það skýrt brot á þeim friðlýsingarskilmálum sem um svæðið gilda og sömuleiðis skýr skilaboð bæjarfélagsins um varsla á viðkvæmum náttúruperlum nýtur ekki forgangs hvað sem í húfi er.

Stjórn Landvernd notar tækifærið til hvetja Hafnarfjarðarbæ eindregið til þess að taka af skarið í eitt skipti fyrir öll, virða friðlýsingu svæðisins og náttúruverndarákvæði og falla frá frekari uppbyggingu mannvirkja við Ástjörn.

Virðingarfyllt,
f.h. Landverndar, *Tryggvi Felixson, formaður (sign)*

Afrit: Hafnarfjarðarbær